# HRÚTASKRÁ

## 2001 - 2002



**Sauðfjársæðingastöð Suðurlands**

**Sauðfjársæðingastöð Vesturlands**

# Stærri gjafagrindur
# Fyrir sauðfé



**VÍRNET HF**

**Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes**
**Sími 437 1000 - Fax 437 1819**
**Netfang: virnet@virnet.is**
**Heimasíða: www.virnet.is**

# Formáli

Útgáfa sameiginlegrar hrútaskrár fyrir báðar sauðfjársæðingastöðvarnar er nú að segja má komin á fast form. Samvinna þessi hefur verið ákaflega farsæl og hefur aukið áhuga á sauðfjársæðingum til muna. Um það bera tölur um fjölda sæðinga á s.l. ári vitni en þá voru sett met á báðum stöðvunum og sæddar samtals 22.530 ær.

Hrútakostur stöðvanna er um margt betri en nokkru sinni áður enda verður valið áreiðanlegra með hverju árinu sem líður. Til grundvallar liggja nú niðurstöður úr stórum afkvæmarannsóknum, kjötmati og skýrsluhaldi. Kröfur sauðfjárræktenda til hrútanna aukast ár frá ári og því eðlilegt að endurnýjun á hrútakostinum sé ör en með jafn miklum framförum og raun ber vitni standast bestu hrútar stöðvanna ekki samanburð við yngri hrúta jafnlengi og áður. Sauðfjársæðingastöðvarnar kappkosta nú sem fyrr að bjóða þá bestu mögulegu kosti sem hægt er á hverjum tíma.

Hrútaskráin hefur tekið örlitlum breytingum frá fyrra ári. Nú er reynt að birta sem mest af upplýsingum um hrútana á stöðluðu formi og setja flestar tölur í töfluform. Tekin hefur verið upp sú nýbreytni að birta bæði lambs- og veturgamlan dóm hrútanna og tekur það gildi frá og með árinu 2001.

Breytt hefur verið framsetningu á niðurstöðum úr lambhrútaskoðun þannig að nú eru þær settar í töflu. Auk þess var ákveðið að fella út brjóstmál, spjaldbreidd og heildarstig en birta læra- og ullarstig þess í stað. Þetta er gert að fenginni reynslu en munur á meðaltölum fyrir þá eiginleika sem felldir eru út hefur ekki verið teljandi.

Niðurstöður kjötmats og kynbótamat fyrir gerð er sett í töflu. Rétt er að taka fram að þegar átt er við gerð er verið að ræða um vaxtarlagsflokkun í sláturhúsi. Kynbótamat fyrir gerð og fitu er birt og auk þess meðaleinkunn fyrir gerð og fitu þau ár sem niðurstöður liggja fyrir. Athuga ber vel að einkunn fyrir fitu snýr öfugt við einkunn fyrir gerð þannig að því lægri sem hún er því betra. Þetta á þó ekki við um kynbótamatið, þar er matið betra eftir því sem talan er hærri og meðaltalið er 100. Þá verður að lesa varlega úr tölum varðandi fitumat og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

Margir hafa komið að útgáfu þessa rits. Lýsingar hrúta í skránni hafa Guðmundur Jóhannesson, Jón Viðar Jónmundsson, Lárus G. Birgisson og Ólafur G. Vagnsson samið. Ullarlýsingar eru unnar af Emmu Eyþórsdóttur, Jóni Viðari Jónmundssyni og Kristni Arnþórssyni. Myndir af hrútunum tóku þau Guðmundur Jóhannesson, Guðmundur Sigurðsson, Halla Eygló Sveinsdóttir, Lárus G. Birgisson, Olgeir Helgi Ragnarsson, Ólafur G. Vagnsson og Sveinn Sigurmundsson. Greinar rituðu Jón Viðar Jónmundsson og Þorsteinn Ólafsson. Lárus G. Birgisson hafði veg og vanda af ritstjórn og gagnasöfnun fyrir hrútakost Sauðfjársæðingastöðvar Vesturlands en Guðmundur Jóhannesson fyrir Sauðfjársæðingastöð Suðurlands. Þá veitti Jón Viðar Jónmundsson ómetanlega hjálp við þann þátt. Þessum aðilum er öllum þakkað gott starf.

Hrútaskrár stöðvanna er einnig að finna á Internetinu. Slóðirnar eru:

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands:
http://www.bssl.is/hrutaskra
Sauðfjársæðingastöð Vesturlands:
http://www.vesturland.is/buvest

Þar er að finna sambærilegar upplýsingar og í þessu riti.

Það er von okkar sem að skránni unnu að hún verði sauðfjárræktendum og öðrum áhugamönnum um sauðfjárrækt góður stuðningur við hrútaval í vetur.

**Guðmundur Jóhannesson, ritstjóri.**

VÉLAR & ÞJÓNUSTA HF
ÞEKKTIR FYRIR ÞJÓNUSTU
JÁRNHÁLSI 2 ▪ 110 REYKJAVÍK ▪ SÍMI: 5-800-200 ▪ FAX: 5-800-220 ▪ www.velar.is
ÓSEYRI 1A ▪ 603 AKUREYRI ▪ SÍMI: 461-4040 ▪ FAX: 461-4044

Myndir á forsíðu:
Stóra myndin: Glær frá Helluvaði, ljósm. Sveinn Sigurmundsson.- Litlu myndirnar, ofan frá: Hrútahópur í Oddgeirshólum, ljósm. Sveinn Sigurmundsson. Stöðvarhrútar í Borarnesi, ljósm. Lárus G. Birgisson. - Strandakollar, ljósm. Lárus G. Birgisson. - Vinur frá Voðmúlastöðum, ljósm. Sveinn Sigurmundsson.

*ISSN 1608-084X*
*Prentsmiðja Suðurlands ehf., nóv. 2001.*

# Frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Afgreiðsla á hrútasæði frá stöðinni mun hefjast í byrjun desember og munum við reyna að sinna pöntunum sem kostur er. Sæðispantanir þurfa að berast fyrir kl. 9 á morgnana í síma 482-1920. Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði í síma 482-1611. Pantanir utan Suðurlands þurfa að berast með góðum fyrirvara og rétt er að taka fram að sækja þarf um sérstakt leyfi til Sauðfjárveikivarna. Fax er 482-2995. Netfang er bssl@bssl.is og vefsíða er http://www.bssl.is og þar má finna hrútaskrána. Skipulag sem og önnur framkvæmd verður með hefðbundnum hætti.

1. Verð á sæði. Sæðisskammturinn í eina á mun kosta kr 250, en fjárræktarfélög á Suðurlandi fá 10 % afslátt. Verð á samstillingarsvömpum miðað við 20 svampa í pakkningu eru tæpar 300 kr á stykki. Verð á sæðingu fyrir utan akstur gæti verið á bilinu 120 kr til 150 kr á kind. Öll verð eru án vsk. Gera skal upp fyrir jól og í allra síðasta lagi fyrir áramót.

2. Skipulag sæðinga. Að venju verða lágsveitir fyrstu 4 dagana, Vestur Skaftafellsýsla fyrir austan sand og hluti Rangárvallasýslu næstu 4 daga og að lokum uppsveitir Árnessýslu.

A. Frá 9.-12. des. Mýrdalur, Eyjafjöll, Landeyjar, Hvolhreppur, Djúpárhreppur, Ásahreppur, Flói og hluti Skeiða.

B. Frá 13.-16. des. Vestur Skaftafellsýsla fyrir austan sand, Fljótshlíð, Rangárvellir og Holta og Landsveit. Hrútasæði utan Suðurlands verður ekki afgreitt þessa daga.

C. Frá 17.- 20. des. Uppsveitir Árnessýslu og vestan Ölfusár.

3. Sæðinganámskeið. Námskeið fyrir sauðfjársæðingamenn verður haldið þann 4. desember að Stóra Ármóti og hefst kl. 13.30. Mjög gott er fyrir reynda sæðingamenn að rifja upp og miðla af eigin reynslu í leiðinni.




Á síðasta hausti voru 10783 ær sæddar frá stöðinni. Á Suðurlandi voru 5790 ær sæddar en 4993 ær voru sæddar utan Suðurlands. Mest sæði var sent úr Flotta 357 strá, Læk 270 strá og Spæni 266 strá en sæði í 5 ær er í hverju strái. Við djúpfrystum hrútasæði fyrir útflutning til U.S.A. og seldum 1000 skammta þangað. Pantanir fyrir þetta haust liggja fyrir og sætt var í byrjun nóvember með sæði frá stöðinni á Ströndum og fósturvísar fluttir út til Noregs.

Með góðri kveðju og von um ánægjulegt samstarf sem fyrr.

**Sveinn Sigurmundsson.**

# Frá Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

Eftir árs hlé verður Sauðfjársæðingastöð Vesturlands í Borgarnesi starfrækt í vetur. Sæðistaka mun byrja 5. desember og standa til 22. des., þó með tveggja daga hléi sem stefnt er að sunnudagana 9. og 16. Að auki verður boðið upp á afgreiðslu sæðis 28. des ef áhugi er fyrir hendi. Að gefa hrútunun 1-2 daga í "frí" á tímabilinu hefur gefið góða raun því ella er hætta á að gengið sé of nærri þeim hrútum sem mest er sótt í.

Skipulag sæðinganna á Vesturlandi er kynnt bændum með dreifibréfi. Gert er ráð fyrir að áhugi fyrir sæðingum sé víðar um land og er brýnt að samband sé haft sem fyrst af öðrum svæðum til að auðvelda skipulagningu.

Á síðasta starfsári stöðvarinnar veturinn 1999/2000 voru sæddar 9.856 ær frá henni og er vonast til að þátttaka verði ekki síðri nú í ár. Pantanir á sæði og óskir um notkun einstaka hrúta verða í allra síðasta lagi að berast fyrir kl. 14.00 daginn áður en sæðing fer fram í síma 437-1215 hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands, fax 437-2015 eða netfang buvest@vesturland.is. Ef bændur sjá fram á að nýting verði léleg á pöntuðu sæði, t.d. ef verulega færri eru blæsma en búist var við, er æskilegt að tilkynna það á skrifstofu B.V. fyrir kl. 9 að morgni sæðingadags svo sæðið geti þá nýst annarsstaðar, sérstaklega úr þeim hrútum sem erfitt er að uppfylla pantanir með.

Verð fyrir hvern notaðan sæðisskammt hefur verið ákveðið 250 kr. + VSK. og er gert ráð fyrir að uppgjör fari fram fyrir áramót.

Með bestu kveðju og von um jákvæð viðbrögð og gott samstarf sem fyrr.

**Lárus G. Birgisson.**

Jón Viðar Jónmundsson:

# Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna

Eins og kynnt er í hrútaskrá í fyrra var á síðasti ári byrjað að velja hrúta fyrir stövarnar á annan hátt en áður hafði verið gert. Leyfi fékkst hjá dýralækanayfirvöldum til þess að hrútahópar væru hafðir í einangrun heima í héraði og síðan valið úr þeim hrútahópi að hausti. Þannig verður mögulegt að safna saman úrvalshrútum af stærra svæði og byggja val stövarhrútanna á afkvæmarannsóknn þar sem slíkir úrvalseinstaklingar keppa sín á milli. Meginhluti af endurnýjun í hrútakosti stöðvanna árið 2001 eru hrútar, sem valdir eru úr slíkum rannsóknum. Hér á eftir verður gerð grein í örstuttu máli fyrir því hvar þessar rannsóknir voru unnar og hverju þær skiluðu af stöðvarhrútum hver og ein.

Kollóttir hrútar voru aðeins í rannsókn á einum stað en það var í miðhólfinu í Strandasýslu þar sem rannsókn var gerð í Húsavík. Í þeirri rannsókn voru fimm valdir aðkomuhrútar ásamt sjö heimahrútum. Sumarslátrun var á búinu þannig að rannsóknin var unnin í lok ágúst. Þarna skipuðu völdu hrútarnir fimm sér allir í efstu sætin. Þrír þeirra voru valdir til notkunar á stöðvunum. Sónar 97-860 frá Smáhömrum og Arfi 99-873 og Boli 99-874 frá Braga á Heydalsá.

Prófun á hyrndum hrútum var á allmörgum stöðum á landinu.

Veturgömlu hrútarnir á **fjárræktarbúinu á Hesti** voru í hliðstæðri afkvæmarannsókn og þar hefur verið unnin um áratuga skeið. Margir þessir hrútar gáfu athyglisverðar niðurstöður, en við val á hrútum fyrir stöðvarnar var lögð umtalsverð áhersla á að fá hrúta sem byggju yfir hinum verðmætu eiginleikum til lítillar fitusöfnunar, sem áratuga ræktunarstarf á Hesti hefur fest þar betur í stofninum en finnst í hyrndu fé á öðrum stöðum hér á landi. Þaðan koma á stöð úr prófuninni Áll 00-868 og Lóði 00-871.

Á **Þóroddsstöðum í Hrútafirði** voru teknir til prófunar fjórir valdir hrútar úr Miðfjarðarhólfinu auk allmargra heimahrúta. Þrír aðkomuhrútanna sýndu mjög athyglisverðar niðurstöður en mat var að einn þeirra Bjargvættur 97-869 frá Jaðri sameinaði vel allar þær kröfur sem gera þarf til hrúta á sæðingastöð og er hann því þangað kominn.

Á **Presthólum í Núpasveit** komu til prófunar sex aðkomuhrútar úr sveitunum austan Jökulsár á Fjöllum ásamt hópi heimahrúta. Mjög margir af þeim hrútum sýndu verulega athyglisverðar niðurstöður í prófun en einn þeirra þótti öðrum betur sameina marga kosti og var það Dóni 00-872 frá Sveinungsvík og var hann því fluttur á stöð þegar niðurstöður voru ljósar.

Á **Kirkjubæjarklaustri** voru þrír aðkomuhrútar af nálægum bæjum í prófun ásamt mörgum heimahrútum. Þar var einn hrútur sem sýndi umtalsverða yfirburði í nær öllum eiginleikum, Fengur 97-863 frá Þykkvabæ, sem á grunni þeirrar niðurstöðu er nú orðinn stöðvarhrútur.

Í **Háholti í Gnúpverjahreppi** voru fjórir úrvalshrútar úr Árnessýslu í prófun ásamt tveimur heimahrútum. Þarna var eins og árið áður kostamikill lambahópur sem kom til dóms, eins og raunar á öllum hinum búunum, og þegar niðurstöður voru ljósar var ákveðið að tveir hrútanna hefðu fengið dóm til að verða stöðvarhrútar, Ljómi 98-865 frá Brautartungu og Stapi 98-866, sem fæddur er í Oddgeirshólum, en var í eigu Más í Háholti.

Að afloknum þessum rannsóknum haustið 2001 hefur því bæst í hóp hrúta á sæðingastöðvunum mikill hópur úrvalsgripa sem sýnt hafa mikla kosti meðal afkvæma sinna.

Jón Viðar Jónmundsson:

# Kynbótamat um kjötgæði

Kynbótamat hefur um áratuga skeið verið unnið fyrir einstaklinga sem eru á skýrslum í fjárræktarfélögunum fyrir marga eiginleika, sem þar eru mældir og skráðir. Þetta mat hefur hins vegar verið bundið við samanburð innan búa og því aðeins hægt að nýta til samanburðar á einstaklingum á sama búi.

Með notkun á sæðingum í nautgriparækt þróuðust hins vegar aðferðir til að vinna kynbótamat fyrir alla gripi í ræktunareiningunni (landinu). Aðferða sú, sem í dag er mest notuð, er svonefnd BLUP aðferð, sem þróuð hefur verið til notkunar fyrir margar búfjártegundir.

Grunnur að samanburði verður sá að skylda gripi er að finna í notkun á fleiri búum og þannig myndast brýr fyrir samanburð á milli búa. Þessar tengingar skapast fyrst og fremst með afkvæmum og afkomendum sæðingastöðvarhrúta. Einnig skipta þarna máli hrútar, sem seldir eru á milli búa og fjárskiptafé. Því miður eru hins vegar alltof margir bændur ákaflega hirðulausir um að halda til haga ætternisupplýsingum fyrir slíkt fé.

Með þessum aðferðum verður mögulegt að vinna kynbótamat, sem gerir mögulegan samanburð á milli einstaklinga um allt land. Við þessa útreikninga eru á bestan hátt nýttar allar þær upplýsingar, sem finna má í gögnunum. Í flestum tilvikum eru stórir hópar af skyldu fé, sem þarna leggja til upplýsingar, sem ekki hafa verið notaðar í eldri útreikningum.

Annað atriði, sem ætíð er mikið um í fjárræktinni, er að ær eru sérstaklega valdar undir tiltekna hrúta. Með þessum aðferðum við kynbótamat á að vera leiðrétt að stórum hluta vegna slíks vals, sem áreiðanlega hefur valdið einhverri skekkju í eldri niðurstöðum.

Fyrir eiginleika sem mældir eru í kjötmatinu hefur slíkt kynbótamat verið unnið fyrir einstaklinga í fjárræktarfélögunum á grundvelli kjötmats frá árunum 1998, 1999 og 2000. Þær niðurstöður koma fram hér í skránni fyrir hrútana á stöðvunum sem eiga slíkar niðurstöður.

# Sauðfjársæðingar

*Þorsteinn Ólafsson*

**Inngangur**

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 30-36 klst. eftir að beiðslið byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum ánna.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahetturnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggið frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Norskar rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma.

Athuganir mínar fyrir nokkrum árum sýndu að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar var á stærstu fjárbúunum og þar sem aðeins voru fáar ær. Ég dreg þá ályktun af því að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktarbúunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

**Nokkur ráð til þess að ná góðum árangri í sæðingunum**

Til þess að ná sem hæstu fanghlutfalli í sauðfjársæðingum mæli ég með eftirfarandi aðferð.

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum. Það ættu að líða 6-7 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark. Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Forðist að neinir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu.

**Samstillingar**

Margir velja þann kost að samstilla gangmál ánna sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstilla ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið heldur lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60 klst.) eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

**Sæðing á öðru gangmáli frá samstillingu**

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillingarinnar og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga.

**Vinnulagsreglur**

**Sæðingar:** Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos 30 - 36 klst. eftir upphaf blæsmis.

**Dæmi:**

Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.

Leitað kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða.

Samstilling: Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

**Dæmi:**

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 29. nóvember. Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

**Samstillt og sætt á öðru gangmáli.** Svampur hafður í í 14 daga. Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

**Dæmi:**

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 13. nóv.

Svampar teknir úr 27. nóv.

Leitað 15. des. kl. 8.

Sæðing 16. desember kl. 15. Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 ánna að ganga.

# Umsögn um hrúta Sauðfjársæðingastöðvar Suðurlands árið 2001 - 2002
## HYRNDIR HRÚTAR:

**Mál og stigun, veturgamall** (ómmældur sem lambhrútur)

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1996 | 89 | 101 | 25,0 | 118 | 26/2/-(S) | 8,0 | 8,5 | 7,5 | 9,0 | 8,5 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 82,5 |

# Ljóri
### frá Þóroddsstöðum, Hrútafirði, V-Hún.







MMF. Stakkur 79-975.

**Lýsing:** Ljóri er hyrndur og hvítur. Haus hörkulegur, hálsinn sver og herðar breiðar, en slöður aftan við bóga. Bakið holdgróið. Mala- og lærahold ágæt. Fótstaða gleið, fætur grannir en réttir. Ljóri er harðholda og skapharður með sterka kjötgæðaeiginleika.

**Ullarlýsing EE:** Gulur á fótum og nokkuð um gul hár í ull en ekki mjög áberandi. Svört doppa í hnakka en engin svört hár fundust í ullinni. Ullarmagn í góðu meðallagi, ullin jöfn um allt reyfi og togið í meðallagi gróft.

| | Ljóri 95-828 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 140 | 49 | 57 |
| | Þungi | 47 | 47 | 49 |
| | Fótleggur | 111 | 111 | 113 |
| | Læri | 16,3 | 16,3 | 16,5 |
| | Ull | 7,9 | 7,9 | 7,9 |
| | Ómvöðvi | 25,6 | 25,4 | 25,9 |
| | Ómfita | 2,9 | 3,2 | 2,7 |
| | Lögun | 3,5 | 3,2 | 3,4 |
| KJÖTMAT | | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | | 394 | |
| | Gerð | | 100 | 8,0 |
| | Fita | | 137 | 7,2 |
| | Heild | | 119 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | | 636 |
| | Einkunn | | | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | | | 157 |
| | Frjósemi | | | 0 |
| | Einkunn | | | 103 |

* Tölur í grænum lit eru úr heimafélagi

**Reynsla:** Ljóri er margafkvæmasýndur, fyrst með hrútlömbum á Þóroddsstöðum haustið 1996 og stóð þar langefstur 6 hrúta með 132,1 í eink. Hann gaf langþykkasta bakvöðvann (27,0 mm (S)), næst minnstu fituna (2,1 mm), læri á meðaltali (16,2) en bestu ullina (8,1). Afkvæmi hans voru vel hvít með allgóða ull, jöfn að gerð og flokkuðust áberandi vel í sláturhúsi. Hann var einnig afkvæmasýndur haustin 1997 og 1998 þar sem enn betur voru staðfestir góðir kjötgæðaeiginleikar hjá afkvæmum hans.

Ekki er ráðlegt að nota Ljóra nema þar sem vænleiki er yfir meðallagi, því ella ná lömbin vart nægri holdfyllingu og þroska. Hann gefur mjög fitulítil lömb, kynbótamt eitthvert hið hæsta á landinu (137), og nýtur hann sín best þar sem vandamál hafa verið með fitufellingu.

Ljóri er efnilegur ærfaðir, frjósemi dætra er yfir meðallagi og mjólkurlagni virðist mikil. Upplýsingar um hátt á annað hundrað dætur vorið 2001 í fjárræktarfélögunum sýna mjög góða frjósemi þeirra þá.

**Litaerfðir:** Ljóri er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

# Skýringar

**Þungi og mál:** Þungi kg - brjóstmál cm - spjaldbreidd cm - fótleggur mm.
**Stigun:** Haus - háls og herðar - bringa og útlögur - bak - malir - læri - ull - fætur - samræmi.
**Ómmæling:** Mæling með ómsjá á þykkt bakvöðva, mm - þykkt fitu á baki, mm. (H) Hollenskt ómtæki eins og notað er hér á Suðurlandi. (S) Skoskt ómtæki — er notað t.d. á Vesturlandi og sýnir um 2 mm minni vöðvaþykkt en það hollenska. Fyrir þessum mun er leiðrétt varðandi niðurstöður úr lambhrútaskoðunum en ekki við birtingu talna úr afkvæmasýningum heima á bæjum.
**Ullarlýsing EE:** Emma Eyþórsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, hefur skoðað og gefið umsögn um ull flestra einlitra sæðingahrúta sl. haust og fylgir umsögn hennar á ull hrútanna með lýsingu.
**Lambhrútaskoðun:** Fjöldi - Þungi kg - brjóstmál cm - spjaldbreidd cm - fótleggur mm - Stig samtals - Ómvöðvi mm(leiðr.) - Ómfita mm(leiðr.)
**Gerð:** Upplýsingar um vaxtarlagsflokkun í kjötmati einstakra hrúta er umreiknað í einkunn fyrir gerð. Vaxtarlagsflokkunum er gefið eftirfarandi vægi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 6,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í R og 50% í O. Eðlilegt er að einkunn fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa og að lömbunum er slátrað í mörgum mismunandi sláturhúsum.
**Fita:** Á sama hátt og gefin er einkunn fyrir vaxtarlagsflokkun er gefin einkunn fyrir fituflokkun. Þannig fá fituflokkarnir vægistuðla á sama hátt; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Þannig snýr fitueinkunnin í raun öfugt við vaxtarlagseinkunnina, því lægri sem fitueinkunn er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika og sláturhúsum.

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1997 | 94 | 104 | 23,5 | 120 | 35/2/-(H) | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | 8,5 | 17,0 | 7,5 | 8,0 | 7,5 | 82,5 |

# Sunni

## frá Sveinungsvík, Svalbarðshr., N-Þing.

**Lýsing:** Sunni er hvítur, krapphyrndur. Haus fremur grannur en hornin sver, háls og herðar vel holdfylltar, útlögur í meðallagi, bak ekki breitt en holdgróið, mala- og lærahold góð. Fætur fremur grannir en réttir. Sunni er smágerð kind með áberandi sterkt bak.

**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum og ullin gul víða í reyfinu. Ullin í meðallagi mikil og þokkalega togfín. Ullarstuttur í baki. Svört hár fundust ekki.

**Reynsla:** Sunni var í afkvæmarannsókn í Sveinungsvík haustið 1997 og stóð langefstur 4ra hrúta með 137 í eink. Hann gaf mjög þykkan bakvöðva og góð lærahold; ómvöðvi 26,5 mm (H), fita 2,6 mm, læri 16,7 stig, ull 7,9 stig og þungi 35,1 kg. Hann var einnig afkæmasýndur í Sveinungsvík 1998 og stóð þá efstur 3 hrúta með 119 í heildareinkunn (141 fyrir ómmælingar og 96 fyrir sláturlömb). Í lambhrútaskoðunum hefur Sunni verið að skila mikilli bakvöðvaþykkt ásamt góðri vöðvalögun. Sunni skilar miklu af prýðilega vel gerðum lömbum og hefur flokkun í sláturhúsi verið mjög góð.

Dætur Sunna eru í meðallagi frjósamar. Rétt er að vekja athygli á því að Sunni er fyrsti afkomandi Gosa 91-945 sem kemur til notkunar á Suðurlandi.

**Litaerfðir**: Sunni er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

| | Sunni96-830 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 139 | 107 | 50 |
| | Þungi | 46 | 47 | 46 |
| | Fótleggur | 112 | 111 | 110 |
| | Læri | 16,5 | 16,4 | 16,4 |
| | Ull | 7,7 | 7,7 | 7,8 |
| | Ómvöðvi | 26,7 | 26,3 | 26,8 |
| | Ómfita | 3,5 | 3,6 | 3,4 |
| | Lögun | 3,5 | 3,2 | 3,4 |
| KJÖTMAT | | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | | 539 | |
| | Gerð | | 112 | 8,0 |
| | Fita | | 94 | 7,6 |
| | Heild | | 103 | |

ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*

| | | |
|---|---|---|
| LÖMB | Fjöldi | 829 |
| | Einkunn | 100 |
| DÆTUR | Afurðaár | 156 |
| | Frjósemi | -1 |
| | Einkunn | 101 |

* Tölur í grænum lit eru úr heimafélagi



96-830

**Ætt:**

Sunni 96-830
- Ólsen 95-590
  - Gosi 91-945
  - Spök 88-838
- Ófeig 90-021
  - Jón Páll 89-455 Holti
  - Rut 87-001 Holti

FFF: Galsi 88-929, MFF: Aron 83-825. MFMF: Hnoðri 83-883

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1996 | 42 | 76 | 18,0 | 113 | 29/3/-(H) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 17,0 | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 83,5 |
| 1997 | 87 | 108 | 23,5 | 117 | 38/5/-(H) | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 86,0 |

# Teigur

## (áður Búri). Frá Teigi (J.J.) Fljótshlíð, Rangárvallasýslu



96-862

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur, hornbrotinn á öðru horni. Sver haus, aðeins grófhyrndur. Hálsinn sver en aðeins háar en vel holdfylltar herðar, bringubreiður og útlögumikill. Sterklegur spjaldhryggur með góða holdfyllingu. Nokkuð langar og vel vöðvafylltar malir. Öflug lærahold. Sverir og sterklegir fætur. Bollangur hrútur, sem samsvarar sér vel.

**Ætt:**

Teigur 96-862
- Glampi 93-984
  - Boði 91-308 Oddgeirshólum
  - Týra 88-849 Oddgeirshólum
- 93-338
  - Garpur 92-435
  - 92-207

FFF: Goði 89-928, FMF: Kokkur 85-870, MFF: Lykill 88-926, MMF: Goði 89-928.

| Teigur 96-862 | | BLUP | Flokkun 1999 | Flokkun 2000 |
|---|---|---|---|---|
| KJÖTMAT | Fjöldi | 124 | | |
| | Gerð | 102 | 8,0 | 8,8 |
| | Fita | 100 | 6,8 | 8,1 |
| | Heild | 101 | | |

ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*

| | | |
|---|---|---|
| LÖMB | Fjöldi | 156 |
| | Einkunn | 103 |
| DÆTUR | Afurðaár | 26 |
| | Frjósemi | -5 |
| | Einkunn | 97 |

*[illegible]

**Ullarlýsing EE:** Gulur á fótum og aðeins má finna gul hár á bol en svört hár fundust ekki. Hrúturinn orðinn mjög toglítill nema í lærum. Ullarmagn í meðallagi.
**Reynsla:** Teigur kom mjög vel út í afkvæmarannsókn haustið 2000 og stóð þá efstur í samanburði 5 hrúta. Þar fékk hann 113,7 í heildareinkunn, 9,8 fyrir gerð og lærastig var upp á 16,3. Þá hafa afkvæmi Teigs flokkast ákaflega vel í sláturhúsi. Teigur er sérlega vel ættuð kynbótakind úr hinum þrautræktaða fjárstofni í Teigi.
Móðir Teigs var ávallt tvílembd utan gemlingsárið og var með 9,1 í afurðaeinkunn fyrir 5 ár en hún féll frá fyrir tveimur árum.
**Litaerfðir:** Teigur er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/riðumits:** Hlutlaus.

| **Mál og stigun, veturgamall** (ómmæling frá 1999) | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1998 | 83 | 100 | 23,0 | 115 | 32/6/-(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 82,0 |

# Askur

## frá Svínafelli I, Öræfum, A-Skaft.
### (Keyptur frá Hnappavöllum V, A-Skaft).


97-835

**Lýsing:** Askur er hvítur, vel hyrndur með fríðan haus. Hálsinn er stuttur og sver, herðar breiðar og vel holdfylltar. Bringa framstæð og breið og útlögur hvelfdar. Bak sterkt og holdugt með vel lagaðan vöðva. Malir breiðar og vel holdgrónar. Lærvöðvinn er sérlega þykkur og vel lagaður. Fætur réttir og fótstaða góð. Askur er ákaflega jafnvaxinn og þéttholda hvar sem á hann er litið. Hann er auk þess mjög prúður á velli og rólegur í umgengni.

| Askur 97-835 | | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 384 | 105 |
| | Þungi | 47 | 45 |
| | Fótleggur | 109 | 110 |
| | Læri | 16,5 | 16,5 |
| | Ull | 7,8 | 7,8 |
| | Ómvöðvi | 25,5 | 26,0 |
| | Ómfita | 4,3 | 3,5 |
| | Lögun | 3,2 | 3,6 |
| KJÖTMAT | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 545 | |
| | Gerð | 123 | 8,8 |
| | Fita | 77 | 8,6 |
| | Heild | 100 | |

ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*

| | | |
|---|---|---|
| LÖMB | Fjöldi | 550 |
| | Einkunn | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | 8 |
| | Frjósemi | -13 |
| | Einkunn | 96 |

*[illegible]

**Ullarlýsing EE:** Fölgulur á haus og fótum, gul hár hér og þar í reyfinu, sérstaklega að aftanverðu. Engin svört hár fundust í ull. Ullarmagn í tæpu meðallagi, togið liðað en fremur gróft um allt reyfi. Togið stutt í baki.

**Reynsla:** Askur hefur nú verið á stöð undanfarin tvö ár og sú reynsla sem komin er á hann sýnir að hann gefur frábært vaxtarlag og flokkun með tilliti til gerðar. Meðaltal hans fyrir flokkun fyrir gerð var hærra en hjá öðrum stöðvarhrútum haustið 2000. Hann gefur hins vegar full mikla fitu og hentar því aðeins til nota á búum þar sem engin vandamál eru tengd fitusöfnun.




**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

Askur er ekki mikið reyndur sem ærfaðir. Niðurstöður um rúmlega 200 veturgamlar ær undan honum í fjárræktarfélögunum vorið 2001 sýna frjósemi hjá þeim í góðu meðallagi. Móðir hans, Hefring 94-400, hefur alltaf verið tvílembd utan gemlingsárið, oftast svömpuð og sædd. Hún er mikil hrútamóðir í Öræfum en sjö af átta hrútum undan henni hafa verið settir á. Einkunn 9,0 fyrir 6 afurðaár.
**Litaerfðir:** Askur er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Úti | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1998 | 86 | 105 | 24,5 | 120 | 31/-/-(S) | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 8,5 | 17,0 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 82,5 |

# Sekkur

### frá Hesti, Borgarfirði.




**Ætt:**

- Sekkur 97-836
  - Posi 96-032
    - Kyllir 93-991
    - 92-788
  - 92-861
    - Stikill 91-970
    - 85-821

FMF. Oddi 85-922, MFFF. Sindri 80-834

**Lýsing:** Sekkur er hvítur, fremur gróflyrndur með þróttlegan haus. Háls er stuttur og þykkur, í herðum vottar fyrir grófleika en bringa er breið og brjóstkassi mjög vel hvelfdur. Bak er breitt, kúpt og vel holdfyllt. Malir ágætlega breiðar og holdfylltar og lærahold mjög góð. Fætur eru réttir og fótstaða góð. Sekkur samsvarar sér vel, er sterklegur og fallegur á velli með góða bollengd.

**Ullarlýsing KA:** Gulur á haus og fótum og gul hár á mölum. Svört hár fundust ekki. Toglítill í baki en tog á síðum gróft.

| | Sekkur 97-836 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 167 | 263 |
| | Þungi | 47 | 47 |
| | Fótleggur | 111 | 113 |
| | Læri | 16,6 | 16,6 |
| | Ull | 7,7 | 7,7 |
| | Óm vöðvi | 26,1 | 26,9 |
| | Óm fita | 3,8 | 3,5 |
| | Lögun | 3,3 | 3,5 |
| KJÖTMAT | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 254 | |
| | Gerð | 106 | 8,5 |
| | Fita | 112 | 7,7 |
| | Heild | 109 | |

ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*

| | | |
|---|---|---|
| LÖMB | Fjöldi | 526 |
| | Einkunn | 100 |
| DÆTUR | Afurðaár | |
| | Frjósemi | |
| | Einkunn | |

*[illegible]

**Reynsla:** Sekkur var í afkvæmarannsókn á Hesti 1998 þar sem að hann sýndi glæsilega niðurstöðu. Vöðvaþykkt var rúmlega 1 mm yfir meðaltali og framp.- og lærastig vel yfir meðallagi. Afkvæmi Sekks eru yfirleitt lágfætt, jafn- og þykkvaxin með ágæt lærahold og góða bakvöðvalögun, en hann stigaðist upp á 4 fyrir lögun bakvöðva en meðaltalið var 3,5. Rétt er að vekja athygli á kynbótamati Sekks varðandi fitu en þar sýnir hann góða útkomu.

Mikill fjöldi lambhrúta undan Sekk kom til skoðunar í haust og sýndi sig enn og aftur að Sekkur gefur áberandi þykkan og vel lagaðan bakvöðva. Flokkun sláturlamba undan Sekki hefur jafnframt verið mjög góð, bæði með tilliti til gerðar og fitu. Sekkur er einhver besti kynbótahrútur sem komið hefur fram á Hesti undanfarin ár.

Vorið 2001 var frjósemi á annað hundrað veturgamalla áa undan honum í fjárræktarfélögunum sem upplýsingar eru fyrir hendi um mjög nálægt meðaltali. Dætur Sekks á Hesti eru um meðallag í frjósemi og mjólkurlagnar.

**Litaerfðir:** Sekkur er arfblendinn hvítur, en gefur hvorki mórauðan lit né tvílit.

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

---

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Úti | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1997 | 45 | 84 | 19,5 | 110 | 30/3/-(H) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 86,0 |
| 1998 | 98 | 108 | 25,5 | 123 | 41/6/-(H) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 85,0 |

# Fengur

### frá Þykkvabæ (H.J.), Skaftárhr., V-Skaft.

**Ætt:**

- Fengur 97-863
  - Mjaldur 93-985
    - Þéttirr 91-931
    - Hringja 91-123 Tóftum
  - Bók 94-122
    - Forkur 93-444
    - Kóróna 88-654

FMF: Fóli 88-911, MFF: Goði 89-928, MFMF: Djákni 82-801.



**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Mjög sterklegur haus og gott hornalag. Sver háls, allháar herðar, en vel fylltar, bringubreiður og útlögumikill. Sterkt bak. Breiðar vel vöðvaðar malir. Lærvöðvinn er þykkur og fyllir ágætlega. Sverir fætur. Bollangur og tignarlegur hrútur.
**Ullarlýsing EE:** Fölgulur í hnakka og á fótum með mórauðan blett á afturfæti. Örfá gul hár finnast á skrokk, en ekki svört. Mjög ullarmikill. Reyfið jafnt og fallegt. Meðalgróft tog.
**Reynsla:** Fengur var haustið 2001 í stórri afkvæmarannsókn (12 hrúta) á Kirkjubæjarklaustri þar sem hann sýndi afgerandi yfirburði umfram aðra hrúta í rannsókninni í nánast öllum mældum eiginleikum. Í mati lifandi lamba reyndust lömbin jafnvel gerð, yfirleitt aðeins há um herðar en útlögumikil, með þykkan bakvöðva (25,4 mm, meðaltal ranns. 24,5 mm) og flest með skínandi góð lærahold (16,4, meðaltal ranns. 16,1), ull mjög breytileg, sum hreinhvít, en önnur talsvert gul. Við slátrun voru yfirburðir feikilega miklir þar sem hann fékk 140 í einkunn. Vænleiki lambanna var um meðaltal í rannsókninni en mat fyrir gerð að meðaltali 8,6 þegar það var 7,8 að meðaltali í rannsókninni. Þá voru þau um leið undir meðaltali með fitu eða með 6,4 að jafnaði í fituflokk þegar meðaltal rannsóknarinnar var 6,7.

| Fengur 97-863 | | | |
|---|---|---|---|
| | | BLUP | Flokkun 2000 |
| Kjötmat | Fjöldi | 253 | |
| | Gerð | 115 | 7,6 |
| | Fita | 101 | 7,4 |
| | Heild | 108 | |
| Úr skýrslum fjárræktarfélaganna* | | | |
| Lömb | Fjöldi | | 205 |
| | Einkunn | | 100 |
| Dætur | Afurðaár | | 20 |
| | Frjósemi | | -13 |
| | Einkunn | | 96 |

*[illegible]

Móðir Fengs hefur ávallt verið tvílembd utan gemlingsárið og er með 4,6 í afurðaeinkunn fyrir 6 ár.
**Litaerfðir:** Fengur er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/riðusmits**: Áhættuarfgerð.

---

| Mál og stigun, veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1999 | 103 | 118 | 25,0 | 123 | 37/13/3(H) | 8,0 | 8,5 | 9,5 | 8,5 | 9,5 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 85,5 |

# Hængur

## frá Nýpugörðum, Mýrum, A-Skaft.




**Ætt:**

Hængur 98-848
- Garpur 92-808
  - Hrókur 88-108 Lækjarhúsum
  - Varta 88-829 Lækjarhúsum
- Loðna 96-055
  - Simbi 95-010
  - Dúða 94-014

FMFF: Aron 83-825, MFFF: Þéttir 91-931.

**Lýsing:** Hængur er hvítur, hyrndur. Hausinn er þróttlegur. Herðar aðeins háar en vel holdfylltar. Bringan er feykilega breið og útlögur miklar. Bakið sterkt, breitt og vel holdfyllt. Malirnar breiðar og vöðvaðar. Læraholdin mikil, vöðvinn vel hvelfdur og lokar klofi sérlega vel. Fótstaðan sterkleg enda fætur réttir. Hængur er ákaflega öflug og bollöng holdakind.

**Ullarlýsing EE:** Sterkgulur á haus og fótum og gul hár hér og þar í reyfinu en ekki áberandi. Ullarmagn í meðallagi en ullarstuttur og fremur þellítill í baki. Togið þokkalega fínt en fremur stutt. Engin svört hár fundust.
**Reynsla:** Hængur bar sem einstaklingur af öðrum veturgömlum hrútum í Austur-Skaftafellssýslu haustið 1999 og hlaut viðurkenningu sem slíkur. Hann var þá í afkvæmarannsókn þriggja hrúta á Nýpugörðum og stóð langefstur þeirra með 142 stig úr kjötmatshluta, 94 í skoðun lifandi lamba og því 118 í heildareinkunn. Við skoðun í haust hefur sýnt sig að Hængur gefur vel gerð lömb með þykkan bakvöðva. Þá gefur Hængur ekki feitt fremur en margir aðrir synir Garps. Eins er flokkun í sláturhúsi góð enda hefur Hængur gríðarhátt kynbótamat fyrir gerð (130).

| Hængur 98-848 | | | 2001 |
|---|---|---|---|
| Lambhrútaskoðun | Fjöldi | | 88 |
| | Þungi | | 46 |
| | Fótleggur | | 110 |
| | Læri | | 16,6 |
| | Ull | | 7,6 |
| | Óm vöðvi | | 26,3 |
| | Óm fita | | 3,4 |
| | Lögun | | 3,3 |
| Kjötmat | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 73 | |
| | Gerð | 130 | 8,7 |
| | Fita | 105 | 7,8 |
| | Heild | 118 | |
| Úr skýrslum fjárræktarfélaganna* | | | |
| Lömb | Fjöldi | | 21 |
| | Einkunn | | 108 |
| Dætur | Afurðaár | | 9 |
| | Frjósemi | | -17 |
| | Einkunn | | 97 |

*[illegible]

Hængur er nánast óreyndur sem ærfaðir enn sem komið er en móðir Hængs, Loðna 96-055, var einlembd gemlingur en síðan tvílembd.
**Litaerfðir:** Hængur er arfblendinn hvítur, en gefur hvorki mórautt né tvílit.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Áhætta/verndandi.

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 77 | 106 | 23,0 | 111 | 33/7/5(H) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 8,5 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 84,5 |

# Spónn
## frá Ytri-Skógum, A-Eyjafj., Rang.




| | Spónn 98-849 | | 2001 |
|---|---|---|---|
| Lambhrútaskoðun | Fjöldi | | 159 |
| | Þungi | | 46 |
| | Fótleggur | | 110 |
| | Læri | | 16,7 |
| | Ull | | 8,0 |
| | Óm vöðvi | | 27,2 |
| | Óm fita | | 3,4 |
| | Lögun | | 3,6 |
| Kjötmat | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 54 | |
| | Gerð | 135 | 8,6 |
| | Fita | 100 | 7,4 |
| | Heild | 118 | |
| Úr skýrslum fjárræktarfélaganna* | | | |
| Lömb | Fjöldi | | 71 |
| | Einkunn | | 102 |
| Dætur | Afurðaár | | 4 |
| | Frjósemi | | -23 |
| | Einkunn | | 98 |

*[illegible]

**Lýsing:** Spónn er hvítur, fremur gróf- og krapphyrndur. Hausinn er sterklegur og hálsinn stuttur og sver. Herðarnar eru breiðar þó aðeins votti fyrir slöðri aftan þær. Holdfylling mikil og útlögur feykimiklar. Bakholdin góð og malir vöðvafylltar en ekki langar. Lærvöðvinn er þykkur og djúpur. Fótstaðan er góð. Spónn er kattlágfætt en fremur stuttvaxin holdakind.

**Ætt:**

- Spónn 98-849
  - Glaður 96-085
    - Gáski 93-025
    - Gleði 94-864
  - Stássa 97-015
    - Moli 93-986
    - Embla 91-718

FFF: Galsi 88-929, Gáski 93-025 var albróðir Galsa 93-963, MMFF: Strammi 83-833.

**Ullarlýsing EE:** Fölgulur á hnakka og fótum og gult í ull á mölum en ekki áberandi annars staðar. Tvær svartar doppur í ull á baki. Ullarmagn í góðu meðallagi og togið meðalfínt og þokkalega jafnt nema heldur ullarstuttur í baki.

**Reynsla:** Spónn var sem einstaklingur metinn í þriðja sæti veturgamalla hrúta í Rangárvallasýslu haustið 1999. Hann var þá um haustið í afkvæmarannsókn sex hrúta að Ytri-Skógum þar sem hann skipaði efsta sætið með 115 í kjötmatshluta, 125 við mat lifandi lamba og 120 í heildareinkunn. Lömb undan honum flokkuðust afburðavel, voru aðeins feit, höfðu mjög þykkan bakvöðva (27,9 mm) og stiguðust fádæma vel fyrir læri (17,3). Í lambhrútaskoðun í haust staðfesti Spónn yfirburði sína hvað gerð og kjötgæði varðar. Hann gefur gríðarþykkan bakvöðva með góða lögun auk þess sem lærahold eru mjög góð. Þá eru ullargæði vel yfir meðallagi. Það er því alveg ljóst að Spónn er hrútur sem án efa getur bætt vaxtarlag og flokkun umtalsvert. Spónn var gemlingslamb en síðan hefur móðir hans, Stássa 97-015, tvisvar verið tvílembd og einu sinni einlembd. Dætur Spóns á Ytri-Skógum eru enn ungar að árum, af 3 tvævetlum voru 2 tvílembdar í vor (2 sæddar) og af 14 gemlingum voru allir með lambi og þar af einn tvílembdur.

**Litaerfðir:** Spónn er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Áhættuarfgerð.

---

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 87 | 105 | 25,0 | 122 | 40/4/5(H) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,5 | 9,0 | 18,0 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 84,5 |

# Flotti
## frá Grímsstöðum V-Landeyjum, Rang.

**Ætt:**

- Flotti 98-850
  - Bútur 93-982
    - Keli 89-955
    - 85-821 Hesti
  - 96-612
    - Gráni 95-157
    - 95-515

MMF: Móri 87-947, MFFF: Þröstur 85-912.



**Lýsing:** Flotti er hvítur og hyrndur, ákaflega svipfríður og hornalag gott. Hálsinn er feykilega sver og fellur vel að breiðum herðunum. Útlögur miklar og bringan breið. Bakhold mikil og bakið breitt. Malir eru miklar og holdugar. Læraholdin öflug, vöðvinn þykkur, hvelfdur og lokar klofi sérlega vel. Fótstaðan mjög öflug, rétt og sterkleg. Flotti er í meðallagi bollangur og sérlega fallegur á velli.
**Ullarlýsing EE:** Fölgulur á fótum, dindli og í hnakka og gul hár hér og þar í reyfinu en ekki áberandi. Ein svört doppa í baki. Ullarmagn í tæpu meðallagi, ullin fremur þellítil, togið stutt í baki en jafnt annars staðar og fallega hrokkið um allt reyfi.
**Reynsla:** Flotti var sem einstaklingur dæmdur besti veturgamall hrútur í Rangárvallasýslu haustið 1999. Þá stóð hann himinhátt yfir öðrum hrútum í afkvæmarannsókn fimm hrúta á Grímsstöðum. Þar var hann með 149 í kjötmatshluta, 154 í mati lifandi lamba eða 152 samtals. Hann sýndi yfirburði hjá afkvæmum sínum umfram hina hrútana í öllum þáttum. Mikill fjöldi lambhrúta undan Flotta kom til skoðunar í haust og sýndu góða niðurstöðu. Bakvöðvaþykkt er mikil og lögun mjög góð en lærahold oft ekki nema í góðu meðallagi. Lömb undan Flotta eru áberandi glæsileg á velli og hann er með gott kynbótamat fyrir bæði gerð og fitu.

| | Flotti 98-850 | | 2001 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | | 259 |
| | Þungi | | 46 |
| | Fótleggur | | 110 |
| | Læri | | 16,5 |
| | Ull | | 7,8 |
| | Ómvöðvi | | 26,8 |
| | Ómfita | | 3,0 |
| | Lögun | | 3,6 |
| KJÖTMAT | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 84 | |
| | Gerð | 113 | 7,6 |
| | Fita | 109 | 7,3 |
| | Heild | 111 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 113 |
| | Einkunn | | 100 |
| DÆTUR | Afurðaár | | 16 |
| | Frjósemi | | +12 |
| | Einkunn | | 103 |

*Tölur [illegible]

Móðir Flotta, 96-612, var gråbotnótt og kollótt. Hún drapst á sauðburði 1998 þannig að upplýsingar um hana eru af skornum skammti. Rétt er að taka fram að Flotti gefur eingöngu hyrnt með hyrndum ám.
**Litaerfðir:** Flotti er hvítur en arfblendinn fyrir gráum lit og erfir einnig bæði mórauðan lit og tvílit.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

---

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1998 | 41 | 79 | 20,0 | 110 | 29/2/-(H) | 8,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 16,5 | 7,0 | 8,0 | 8,5 | 80,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1999 | 84 | 102 | 24,5 | 124 | 39/4/4(H) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 16,5 | 7,0 | 8,0 | 8,0 | 80,0 |

# Kani

## frá Hamri Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu.




**Lýsing:** Móbotnóttur, hyrndur. Hausinn svipmikill og vel hyrndur. Herðar nokkuð háar en bringan breið og útlögur allgóðar. Bakið er breitt og sterkt og vel holdfyllt. Góð vöðvafylling í mölum. Allgóð lærahold. Réttir og sterklegir fætur. Falleg kind á velli.
**Ullarlýsing EE:** Aðeins gråsprengdur litur á ull og upplitun á mórauða litnum nokkur. Ullarmagn í meðallagi. Tog í meðallagi og þel gott, ullarprúður.
**Reynsla:** Kani var í afkvæmarannsókn fjögurra hrúta á Hamri haustið 2000. Þar varð hann annar í röð með mjög góða niðurstöðu. Lömbin voru fitulítil og mjög vel gerð þó fallþungi væri undir meðallagi í rannsókninni. Í samanburðinum fékk Kani 116 fyrir mat á lifandi lömbum og 111 í slátrun. Kani hefur skilað mjög góðri flokkun sláturlamba eins og sjá má á einkunn fyrir gerð (8,3).

| | Kani 98-864 | | |
|---|---|---|---|
| KJÖTMAT | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 36 | |
| | Gerð | 106 | 8,3 |
| | Fita | 98 | 8,1 |
| | Heild | 102 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 36 |
| | Einkunn | | 94 |
| DÆTUR | Afurðaár | | |
| | Frjósemi | | |
| | Einkunn | | |

*Tölur [illegible]

Engin reynsla er komin á Kana sem ærföður en móðir hans var einlembd gemlingur og síðan tvílembd utan einu sinni. Afurðaeinkunn hennar er 6,8 fyrir 6 ár.

***Ætt:***

- Kani 98-864
  - Mölur 95-812
    - Svaði 94-998
    - 91-776 Hesti
  - Snegla 94-256
    - Vísir 91-001
    - Botna 89-081

FFF: Hörvi 92-972, FMF: Deli 90-944,
FMMF: Sindri 80-834.

**Litaerfðir:** Kani er arfblendinn botnóttur, arfhreinn mórauður og erfir tvílit.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Áhættuarfgerð.

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Mál og stigun, lamb og veturgamall** | | | | | | | | | | | | | | |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1998 | 43 | 81 | 20,0 | 108 | 33/2/-(H) | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 85,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1999 | 75 | 101 | 25,0 | 114 | 40/5/4(H) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 8,5 | 17,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 83,0 |

# Ljómi

## frá Brautartungu, Árborg, Árnessýslu.



98-865

**Ætt:**

- Ljómi 98-865
  - Aðall 97-012
    - Hnykill 96-180 Efri-Gegnishólum
    - 96-447 Efri-Gegnishólum
  - Rissa 97-243
    - Surtur 95-011
    - Snælda 89-124

FFF: Peli 94-810, FFMF: Fóli 88-911, MFFF: Þéttir 91-931.

| Ljómi 98-865 | | BLUP | Flokkun 2000 |
|---|---|---|---|
| KJÖTMAT | Fjöldi | 19 | |
| | Gerð | 121 | 9,7 |
| | Fita | 82 | 8,0 |
| | Heild | 102 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 40 |
| | Einkunn | | 105 |
| DÆTUR | Afurðaár | | 5 |
| | Frjósemi | | +6 |
| | Einkunn | | 100 |

* [illegible]

**Lýsing:** Hvítur og hyrndur. Smáfríður haus með full gróf og kröpp horn. Sver stuttur háls og góð holdfylling um herðar, fremur þröng bringa en útlögur í góðu meðallagi. Prýðilega vel holdfyllt bak og vöðvafylling í mölum góð. Góð lærahold. Rétt fótstaða. Fremur bollangur og kviðléttur hrútur.
**Ullarlýsing EE:** Fölgulur á fótum og stöku gul hár finnast á bol. Svartar dropur í andliti, en svört hár finnast ekki á skrokk. Fremur ullarlítill. Tog fremur stutt og ekki þykkt þel.
**Reynsla:** Ljómi var í afkvæmarannsókn sex úrvalshrúta úr Árnessýslu í Háholti haustið 2001 og skipaði þar efsta sæti. Lömbin undan honum voru nokkuð undir meðaltali í vænleika lamba í rannsókninni en gerð þeirra mjög góð og bakvöðvi þykkur (27,9 mm) og góð lærahold (16,7). Einkunn við skoðun lifandi lamba var 137 fyrir gimbrar og 132 hjá hrútlömbunum. Í sláturhúsi fékk hann 118 í einkunn. Lömbin voru með gott mat fyrir gerð (8,0) og fita talsvert undir meðaltali hrúta í rannsókninni (6,3). Heima í Brautartungu hefur Ljómi skilað ákaflega athyglisverðum lömbum, vænum og vel gerðum og þau sem hafa farið í sláturhús fengið mjög gott kjötmat.
Fyrstu vísbendingar um Ljóma sem ærföður eru jákvæðar. Móðir Ljóma er frjósöm, átti lamb gemlingsárið og síðan tvílembd þar til þrílembd s.l. vor. Afurðaeinkunn hennar er 9,1 fyrir 3 ár.
**Litaerfðir:** Ljómi er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

| | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Mál og stigun, lamb og veturgamall** | | | | | | | | | | | | | | | |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1998 | 40 | 84 | 19,5 | 105 | 30/3/-(H) | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 17,5 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 86,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1999 | 81 | 102 | 23,0 | 116 | 33/4/3(H) | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 7,5 | 83,5 |

# Stapi

## frá Oddgeirshólum, Hraungerðishr., Árn. (keyptur frá Háholti, Gnúpverjahr., Árn.)

**Ætt:**

- Stapi 99-866
  - Stubbur 95-815
    - Mjöður 93-813
    - Rjúpa 92-237
  - Fjóla 96-651
    - Mjaldur 93-985
    - Dóra 90-049

FFF: Galsi 88-929, MFF: Þéttir 91-931, MMF: Tenór 85-906.



98-866

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Svipfríður og mjög vel hyrndur. Svíradigur með breiðar holdfylltar herðar, bringa í meðllagi breið og útlögur góðar. Sterkt og breitt bak. Stuttar, breiðar og vel fylltar malir. Mjög vel lagaður lærvöðvi sem fyllir mjög vel. Ágæt fótstaða. Prúð kind á velli en bollengd í tæpu meðallagi.
**Ullarlýsing EE:** Fölgulur á fótum og dindli en lítið af gulum hárum að finna í reyfinu. Svört hár fundust ekki. Ullarmikill. Tog nokkuð langt og þelið þykkt og mikið.
**Reynsla:** Stapi var haustið 2001 í afkvæmarannsókn í Háholti ásamt fimm öðrum úrvalshrútum úr héraðinu. Hann hafði haustið áður verið í hliðstæðri rannsókn þar og veturgamall var hann í rannsókn ásamt þrem öðrum heimahrútum. Niðurstöður úr öllum þessum rannsóknum eiga það sammerkt að Stapi hefur verið að gefa geysilega góðar niðurstöður í kjötmati, yfirburðir hans í mati fyrir gerð hafa í öll þessi þrjú skipti verið mjög miklir og fitumat einnig hagstætt. T.d fékk hann 9,1 fyrir gerð í Háholti í haust. Við skoðun lifandi lamba hafa þau verið mjög vel gerð með góð lærahold (16,6 í Háholti) en þykkt bakvöðva yfirleitt ekki nema um meðaltal (26,7 mm í Háholti). Stapi sýnir því hjá afkvæmum sínum mjög skýrt sömu eiginleika og var að finna hjá hálfsystkinum hans undan Stubbi 95-815.

| Stapi 98-866 | | BLUP | Flokkun 2000 |
|---|---|---|---|
| KJÖTMAT | Fjöldi | 64 | |
| | Gerð | 114 | 8,2 |
| | Fita | 116 | 6,6 |
| | Heild | 115 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 65 |
| | Einkunn | | 97 |
| DÆTUR | Afurðaár | | 2 |
| | Frjósemi | | +26 |
| | Einkunn | | 104 |

*[illegible]

Engin reynsla er komin á Stapa sem ærföður. Móðir Stapa var einlembd sem gemlingur en síðan ævinlega tvílembd. Afurðaeinkunn hennar er 6,4 fyrir 4 ár.
**Litaerfðir:** Stapi er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 50 | 85 | 20,0 | 112 | 35/2/5(H) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 85,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 73 | 102 | 23,0 | 120 | 33/3/4(H) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 8,5 | 9,0 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 84,0 |

# Bessi

## frá Háholti, Gnúpverjahreppi, Árn.




**Ætt:**

99-851
- Moli 93-986
  - Vöðvi 91-162 E-Gengishólum
  - Perla 83-288 E-Gengishólum
- 93-340
  - Ás 90-468 Ásum
  - 90-055 Steinsholti

MMF: Prúður 85-905, MFFF: Prúður 80-809, MFMF: Snáði 82-800.

**Lýsing:** Bessi er hvítur, fínhyrndur og hornalag gott. Hausinn fremur grannur. Herðar eru breiðar og ágætlega holdfylltar. Bringan breið og útlögur afbragðsgóðar. Bakið fremur breitt og mjög vel holdfyllt. Malir vel vöðvaðar. Lærvöðvinn afar þykkur og lokar vel klofi. Fótstaða gleið og rétt. Bessi er í meðallagi bollöng og fönguleg kind.
**Ullarlýsing EE:** Gulur á fótum, með svartar rákir í hornum og svartar dröfnur í andliti. Engin gul eða svört hár fundust í ull. Ullarmagn í meðallagi, togið fremur fínt, jafnt og hrokkið en aðeins styttra í baki. Ullin fallega hvít og gljáandi.
**Reynsla:** Bessi var skoðaður sem lamb haustið 1999 og var þá að fullyrða má jafnbesti einstaklingur sem kom til skoðunar á Suðurlandi. Bessi var í afkvæmarannsókninni í Háholti vegna sæðingastöðvanna haustið 2000 þar sem hann sýndi afgerandi yfirburði umfram aðra hrúta. Við mat á hrútlömbum fékk hann 115 í kjötmatshluta, 131 við mat lifandi lamba eða 122 í heildareinkunn. Við mat á gimbrum sýndi hann hliðstæða yfirburði umfram hina hrútana. Hann gefur góðan vænleika í lömbum, afbragðsgóða flokkun vegna gerðar án þess að gefa feit lömb.

| Bessi 99-851 | | | 2001 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | | 93 |
| | Þungi | | 46 |
| | Fótleggur | | 110 |
| | Læri | | 16,7 |
| | Ull | | 7,9 |
| | Óm vöðvi | | 27,6 |
| | Óm fita | | 3,0 |
| | Lögun | | 3,7 |
| KJÖTMAT | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 24 | |
| | Gerð | 120 | 9,3 |
| | Fita | 113 | 7,1 |
| | Heild | 117 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 37 |
| | Einkunn | | 113 |
| DÆTUR | Afurðaár | | |
| | Frjósemi | | |
| | Einkunn | | |

*[illegible]

Við lambaskoðun í haust reyndist Bessi standa undir öllum væntingum sem til hans voru gerðar. Hann gefur afbragðsþykkan og vel lagaðan bakvöðva, litla fitu, frábær lærahold og mjög góða flokkun í sláturhúsi. Af þessu er alveg ljóst að blöndun hins mikla kynbótahrúts, Mola 93-986, við hinn þrautræktaða fjárstofn í Steinsholti hefur borið ríkulegan ávöxt með Bessa. Móðir Bessa, 93-340, hefur á fimm árum í Háholti verið tvisvar tvílembd og tvisvar einlembd en s.l. vetur lét hún. Henni var lógað í haust en hafði 7,1 í afurðastig.
**Litaerfðir:** Bessi er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Áhættuarfgerð.

| Mál og stigun, lamb og veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1999 | 43 | 78 | 19,0 | 102 | 26/2/4(H) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 82,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 79 | 104 | 25,0 | 115 | 29/5/4(H) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 8,0 | 8,5 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |

# Vinur

## (áður Stubbur) frá Voðmúlastöðum, A-Landeyjum, Rangárvallasýslu.




**Lýsing:** Hvítur og hyrndur. Fríður haus en nokkuð krapphyrndur. Herðar aðeins í hærra lagi, bringa fremur breið og allgóðar útlögur. Sterkt og vel holdfyllt bak. Malir jafnar og vel vöðvafylltar. Lærahold góð. Rétt fótstaða. Snotur hrútur með bollengd í meðallagi.
**Ullarlýsing EE:** Gulur á fótum og í hnakka en mjög lítið af gulum hárum á bol. Svartir blettir á eyrum en fundust ekki á bol. Ullarmagn í góðu meðallagi. Gott hlutfall milli togs og þels en blettir með aðeins grófu togi.
**Reynsla:** Vinur hefur gefið geysigóða flokkun sláturlamba eins og sjá má á öllum einkunnum. Hann hefur 108 fyrir lömb, 9,6 fyrir gerð úr kjötmati og 143 í kynbótamat fyrir gerð sem er alhæsta einkunn hrúts á landinu byggð á færri en 30 sláturlömbum. Við skoðun á lömbum undan Vini í haust hafa þau sýnt góða bakvöðvaþykkt með mjög góðri lögun og afbragðs lærahold. Hann gefur ekki feitt og þarna fer því enn einn Garpssonur sem erfir ótvíræð kjötgæði til afkvæma sinna.
Móðir Vins var einlembd gemlingsárið en síðan tvílembd og 5,8 í einkunn fyrir 3 afurðaár.
**Litaerfðir:** Vinur er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Áhættuarfgerð.

| Vinur 99-867 | | | |
|---|---|---|---|
| KJÖTMAT | | BLUP | [illegible] 2000 |
| | Fjöldi | 21 | |
| | Gerð | 143 | 9,6 |
| | Fita | 104 | 6,9 |
| | Heild | 124 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| Lömb | Fjöldi | | 21 |
| | Einkunn | | 108 |
| Dætur | Afurðaár | | |
| | Frjósemi | | |
| | Einkunn | | |

* [illegible]




FMFF: Aron 83-825, MMFF: Steinn 81-864, MMMF: Strammi 83-833.

| Mál og stigun, lamb og veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 49 | 83 | 20,5 | 114 | 31/3/5(S) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 84,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 96 | 108 | 25,0 | 119 | 36/5/4(S) | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 9,0 | 18,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 85,0 |

# Áll

## frá Hesti, Borgarfirði.




FMF: Þéttir 91-931, MFF: Svaði 94-998, MMF: Hörvi 92-972.



**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Haus fríður og hornalag mjög gott. Kúptar vel holdfylltar herðar, breið bringa og mjög góðar útlögur. Bakið sterkt og vel holdfyllt. Malir ákaflega vel vöðvaðar. Feikilega mikill og vel lagaður lærvöðvi. Rétt fótstaða. Mjög jafnvaxinn, fríð og fönguleg kind.
**Ullarlýsing EE:** Gulur á fótum og í hnakka. Örlítið um gul hár í reyfi. Svört hár fundust ekki. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið ekki mikið en sæmilega fínt, gróf hár á mölum.
**Reynsla:** Áll var í afkvæmarannsókn á Hesti haustið 2001. Í kjötrannsókn komu 16 sláturlömb (hrútar) undan honum. Þessi lömb voru mjög góða vöðvafyllingu og voru fitulítil. Fallþungi var heldur undir meðallagi miðað við aðra hrúta í rannsókninni. Meðaltal fyrir lærastig hjá sláturlömbum var 4,06 sem var með því hæsta (stigun frá 1-5). Meðaltal um flokkun fyrir gerð var 8,5 en lömbin voru jafnhliða ákaflega fitulítil eða aðeins með 5,1 að meðaltali í fituflokk. Við ómmælingar lamba reyndist bakvöðvaþykkt lamba undan Áli umtalsvert umfram meðaltal í rannsókninni en fituþykkt verulega undir meðaltali. Hér er því vafalítið um að ræða hrút sem erfir til afkvæma sinna afburða kjötsöfnunareiginleika.
Móðir Áls, 97-455, var geld gemlingur en hefur síðan verið tvílembd með 5,5 í afurðaeinkunn.
**Litaerfðir:** Áll er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Áhættuarfgerð.

---

## Umsögn um hrúta Sauðfjársæðingastöðvar Suðurlands árið 2001 - 2002
## KOLLÓTTIR HRÚTAR

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1998 | 84 | 106 | 24,0 | 123 | 31/-/-(H) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 17,0 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | 82,5 |

# Dalur

### frá Heydalsá (B.G.), Kirkjubólshreppi, Strandasýslu (keyptur frá Gröf í Broddaneshr.)




**Ætt:**

- Dalur 97-838
  - Þyrill 94-399
    - Viðar 93-362
    - 87-457
  - 92-134
    - Safír91-252
    - 89-039

MFF: Tumi 90-936, FMFF og MMMF: Moli 83-901.

**Lýsing:** Dalur er hreinhvítur, kollóttur með sveran og svipfríðan haus. Háls er stuttur og þykkur, herðar breiðar og vel holdfylltar. Bringa er í meðallagi en brjóstkassi vel hvelfdur. Bak er breitt, fremur flatt og vel lagað og vel holdfyllt. Malir ekki langar en breiðar og mjög vel holdfylltar. Lærvöðvi ágætlega lagaður og þykkur. Fætur réttir og fótstaða góð. Dalur er ekki bollangur en kviðléttur og samsvarar sér ágætlega, hann er jafnholda, ákaflega prúður á velli og einstaklega gæfur.

| | Dalur 97-838 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 121 | 123 |
| | Þungi | 49 | 47 |
| | Fótleggur | 112 | 112 |
| | Læri | 16,6 | 16,6 |
| | Ull | 8,3 | 8,2 |
| | Ómvöðvi | 25,9 | 26,3 |
| | Óm fita | 3,6 | 3,4 |
| | Lögun | 3,4 | 3,5 |
| KJÖTMAT | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 159 | |
| | Gerð | 105 | 8,1 |
| | Fita | 128 | 7,2 |
| | Heild | 117 | |

| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
|---|---|---|
| LÖMB | Fjöldi | 308 |
| | Einkunn | 104 |
| DÆTUR | Afurðaár | 24 |
| | Frjósemi | +13 |
| | Einkunn | 108 |

*Tölur [illegible]

**Ullarlýsing EE:** Hreinhvítur, ullarmikill með mjög þykkt þel og mikið reyfi. Góður gljái. Togið meðalgróft og fremur jafnt um allt reyfi, hvergi óhóflega langt eða gróft. Svört hár fundust ekki.
**Reynsla:** Dalur stóð efstur í afkvæmarannsókn í Gröf 1998 og var niðurstaðan þannig; ómvöðvi 22,7 mm (S), fita 2,9 mm, læri 16,0 stig, gerð 6,9 stig, fita 5,9 stig og fallþungi 17,9 kg. Undan Dal hafa undanfarin tvö haust komið fram við skoðun mikið af afbragðsgóðum lömbum sem benda til að hér fari einhver allra kostamesti kollótti hrútur sem komið hefur til nota á stöðvunum til þessa.
Rík ástæða er til þess að nefna hve Dalur er einstaklega gæfur og rólegur og kemur það mjög vel fram í afkvæmum hans.
Fyrstu dætraupplýsingar benda til þess að Dalur verði prýðisgóður ærfaðir en veturgömlu ærnar undan honum sem fram komu á skýrslum fjárræktarfélaganna vorið 2001 sýndu einstaklega mikla frjósemi.
**Litaerfðir:** Dalur er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1997 | 45 | 79 | 19,5 | 117 | 30/3/-(S) | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | 8,5 | 17,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 83,5 |
| 1998 | 94 | 110 | 25,5 | 122 | 31/11/-(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 17,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |

# Sónar

## frá Smáhömrum, Kirkjubólshreppi, Strandasýslu.




**Ætt:**

- Sónar 97-860
  - Eir 96-840
    - Kópur 95-825
    - 92-658
  - 93-702
    - Gnýr 91-967
    - 88-387

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur. Sver, þróttlegur haus og áberandi svartur blettur á vör. Gífurlega breiðar og vel holdfylltar herðar, breið bringa og góðar útlögur. Bakið breitt, sterkt, en frekar flatur spjaldhryggur. Feikilega breiðar og vel holdfylltar malir. Mjög þykkur og öflugur lærvöðvi sem nær vel niður á hækil. Sterklegir fætur. Feikilega öflugur, bollangur og frísklegur hrútur.

**Ullarlýsing EE:** Fölgulur á haus og örlítið af gulum hár á bol. Svartar doppur í ull. Ullarmagn í meðallagi. Tog misgróft og ekki langt, stutt ull á baki. Þokkalegt þelmagn.

**Reynsla:** Sónar var haustið 2001 í afkvæmarannsókn 12 hrúta á Húsavík í Kirkjubólshreppi og skipaði þar efsta sætið. Hann var með 146 í einkunn í kjötmatshluta með 8,5 að meðaltali fyrir gerð og 5,6 í meðaltal fyrir fitu, en lömbum í rannsókninni var slátrað í sumarslátrun í lok ágúst og var vænleiki lamba undan honum vel yfir meðallag. Í ómmælingum sýndu lömbin undan honum einnig verulega yfirburði. Lömbin voru ágætlega lágfætt og jafnbetur gerð en undan öðrum hrútum í rannsókninni að Bola 99-874 einum undanskildum. Árin á undan hafði Sónar sýnt mjög góðar niðurstöður í afkvæmarannsókn heima á Smáhömrum. Undan honum hefur verið að koma mikið af afbragðsvel gerðum hrútlömbum og eins og niðurstöðurnar að framan sýna gefur hann frábær sláturlömb.

**Sónar 97-860**

| | | BLUP | Fkkun 1999 | Fkkun 2000 |
|---|---|---|---|---|
| KJÖTMAT | Fjöldi | 65 | | |
| | Gerð | 106 | 8,6 | 9,0 |
| | Fita | 116 | 5,9 | 6,9 |
| | Heild | 111 | | |

ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*

| | | |
|---|---|---|
| LÖMB | Fjöldi | 86 |
| | Einkunn | 102 |
| DÆTUR | Afurðaár | 6 |
| | Frjósemi | +25 |
| | Einkunn | 104 |

*[illegible]

Fyrstu vísbendingar um Sónar sem ærföður eru jákvæðar enda er móðir hans frjósöm og farsæl ær. Hún hefur alltaf verið tvílembd utan einlembd sem gemlingur og hefur 6,4 í afurðaeinkunn fyrir 7 ár.

**Litaerfðir:** Sónar er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1997 | 46 | 84 | 19,5 | 111 | 30/ 3/- (H) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 17,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 83,5 |
| 1998 | 90 | 110 | 24,0 | 121 | 37/ 5/- (H) | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 8,5 | 9,0 | 17,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 86,5 |

# Glær

## frá Helluvaði, Rangárvöllum, Rangárvallasýslu

**Ætt:**

- Glær 97-861
  - Fantur 95-244
    - Flekkur 89-965
    - 92-310
  - Dyrgja 92-295
    - Magni 86-924
    - Álft 90-258

MFF: Fantur 79-848, FMFF: Steinn 81-964, Dyrgja 92-295 var alsystir Svans 92-966.



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur. Mjög sver og þróttlegur haus. Stuttur sver háls, sem fellur vel að breiðum vel holdfylltum herðum. Bringa er ágætlega breið og útlögur góðar. Bakið breitt og kúpt. Malir breiðar og vel vöðvafylltar. Kúptur og vel lagaður lærvöðvi sem fyllir vel bæði niður á hækil og upp í krikann. Fótstaða rétt. Fríð og hreystileg kind á vell.

| | Glær 97-861 | BLUP | Flokkun 1999 | Flokkun 2000 |
|---|---|---|---|---|
| KJÖTMAT | Fjöldi | 149 | | |
| | Gerð | 127 | 7,3 | 7,5 |
| | Fita | 96 | 6,9 | 7,4 |
| | Heild | 112 | | |

| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
|---|---|---|
| LÖMB | Fjöldi | 147 |
| | Einkunn | 100 |
| DÆTUR | Afurðaár | 14 |
| | Frjósemi | 0 |
| | Einkunn | 100 |

*Tölur [illegible]

**Ullarlýsing EE:** Alhvítur. Lagðprúður og ullarmikill. Tog ögn gróft og aðeins styttra á spjaldhryggg. Gott þel.

**Reynsla:** Glær er ekki afkvæmaprófaður en hefur gefið mjög góða flokkun sláturlamba auk þess sem synir hans voru athyglisverðir einstaklingar liðin haust. Glær hefur frábært kynbótamat fyrir gerð (127) en liggur á meðaltali fyrir fitu. Sú reynsla sem er af Glæ heima á Helluvaði bendir eindregið til þess að Glær sé öflugur kjötgæðahrútur.

Það er lítil reynsla komin á Glæ sem ærföður en þó lofa ungar dætur hans heima á Helluvaði góðu sem afurðaær. Móðir hans var mjög frjósöm ær, tvílembd gemlingsárið og síðan tvílembd utan einu sinni þrílembd. Afurðaeinkunn hennar var 5,2 fyrir 7 ár.

**Litaerfðir:** Glær er ~~arfblendinn~~ arfhreinn hvítur, ~~gefur líklega ekki mórauðan lit, en erfir tvílit.~~

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

| Mál og stigun, lamb og veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1998 | 49 | 82 | 20,0 | 111 | 30/ 3/4 (S) | 8,0 | 7,5 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1999 | 77 | 98 | 24,5 | 116 | 30/ 8/3 (S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 82,5 |

# Styrmir

## frá Tröðum, Staðarsveit, Snæfellsnesi
### (keyptur frá Eiríki Helgasyni, Stykkishólmi).




**Lýsing:** Styrmir er hvítur og kollóttur. Hausinn er stuttur, sver og þróttlegur. Hálsinn stuttur og sver, herðar breiðar og holdfylltar. Bringan mikil og breið og útlögur áberandi hvelfdar. Bakið breitt og holdugt. Malir ekki langar en miklar og vöðvafylltar. Lærvöðvinn þykkur og mjög vel lagaður, lokar vel klofi. Bollengd í góðu meðallagi. Fætur eru réttir og sterklegir. Styrmir er ákaflega vel gerð holdakind.

**Ullarlýsing EE:** Gulur í hnakka, fótum og dindli. Mikið gult í ull frá herðakambi og aftur úr. Ullarmagn í meðallagi og togið meðalfínt en þó aðeins gróft í baki. Ullin vel gljáandi. Engin svört hár fundust.

| | Styrmir 98-852 | | 2001 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | | 60 |
| | Þungi | | 46 |
| | Fótleggur | | 109 |
| | Læri | | 16,7 |
| | Ull | | 7,9 |
| | Óm vöðvi | | 26,3 |
| | Óm fita | | 3,4 |
| | Lögun | | 3,4 |
| KJÖTMAT | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 48 | |
| | Gerð | 122 | 9,7 |
| | Fita | 97 | 8,3 |
| | Heild | 110 | |

| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
|---|---|---|
| LÖMB | Fjöldi | 55 |
| | Einkunn | 103 |
| DÆTUR | Afurðaár | 1 |
| | Frjósemi | 0 |
| | Einkunn | 100 |

*Tölur [illegible]

**Reynsla:** Styrmir var í afkvæmarannsókn á Hjarðarfelli haustið 2000 ásamt fjórum öðrum hrútum og sýndi þar afgerandi yfirburði. Hann fékk 114 í einkunn fyrir sláturlömb, og 124 fyrir mat á lifandi lömbum, heildareinkunn 119. Fallþungi var 16,6 kg að meðaltali, gerð 9,7 og fita 8,3. Styrmir hefur skilað mjög góðu mati á sláturlömbum og þá niðurstöðu hefur hann staðfest í lambaskoðunum í haust þar sem hann hefur skilað þykkum og vel löguðum vöðva ásamt afbragðs læraholdum




Móðir Styrmis, Kolla 96-009, hefur ávallt verið tvílembd, einnig gemlingsárið. Móðurmóðir hans, Eyrnalaus, var einnig ávallt tvílembd utan gemlingsárið.

**Litaerfðir:** Styrmir er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Áhættuarfgerð.

| Mál og stigun, veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 85 | 107 | 25,0 | 116 | 33/4/-(S) | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 9,0 | 17,5 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | 85,0 |

# Hörvi

## frá Melum I, Árneshreppi, Strandasýslu




**Lýsing:** Hörvi er hreinhvítur, kollóttur, aðeins örðóttur með fríðan haus, stuttan sveran háls sem fellur vel að bol, herðar breiðar og holdfylltar og bolur ágætlega sívalur. Bak breitt en flatt og ágætlega holdfyllt, malir vel lagaðar og holdgrónar, lærvöðvi nokkuð þykkur og vel lagaður. Fætur sverir og fótstaða góð. Bollengd í meðallagi.

| | Hörvi 99-856 | | 2001 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | | 148 |
| | Þungi | | 46 |
| | Fótleggur | | 113 |
| | Læri | | 16,5 |
| | Ull | | 8,2 |
| | Óm vöðvi | | 25,6 |
| | Óm fita | | 3,6 |
| | Lögun | | 3,5 |
| KJÖTMAT | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 30 | |
| | Gerð | 114 | 8,9 |
| | Fita | 100 | 7,3 |
| | Heild | 107 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 33 |
| | Einkunn | | 95 |
| DÆTUR | Afurðaár | | |
| | Frjósemi | | |
| | Einkunn | | |

*[illegible]

**Ullarlýsing KA:** Hreinhvítur, ullarmikill, tog í grófara lagi en mikið þel. Engin svört hár fundust.

**Reynsla:** Hörvi var í afkvæmarannsókn á vegum sæðingastöðvanna haustið 2000 í hópi 13 hrúta á Melum 1. Fékk hann þar 94 í einkunn fyrir sláturlömb og 105 fyrir ómmælingu. Þó að Hörvi gæfi lömb með kjötmat aðeins undir meðaltali, var flokkun lamba undan honum engu að síður mjög góð eða 8,9 fyrir gerð og 7,3 fyrir fitu þar sem meðalfallþungi lamba var 17,7 kg. Lömb undan honum sem til skoðunar komu voru ákaflega jafnvel gerð og flest hreinhvít. Skoðun hrútlamba vítt um land haustið 2001 staðfestir að Hörvi gefur mjög jafna og góða gerð hjá afkvæmum sínum.

Engin reynsla er komin á Hörva sem ærföður en Signý 95-136 móðir hans hefur ætíð verið tvílembd og hefur 5,0 í afurðastig.

**Litaerfðir:** Hörvi er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Ætt:**

- Hörvi 99-856
  - Spakur 98-060
    - Spónn 94-993
    - Hönk 89-719
  - Signý 95-136
    - Vöðvi 94-749
    - Fjöl 90-771

FORYSTUHRÚTUR

# Prestur

## Frá Bakka, Bakkafirði.
## (keyptur frá Tunguseli, N-Þing.)




**Lýsing:** Prestur er svartur, hyrndur með hvítan kraga. Hann er háfættur og hár á herðar. Einstaklega rólegur en vakandi. Þægilegur í umgengi og leiðist vel sem meðal annars bendir til þess að hann hafi gott vit. Prestur er af norðaustlensku forystufé langt aftur í ættir. Prestur er án efa einhver besti forystuhrútur sem nokkru sinni hefur verið tekinn á stöð.

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Áhættuarfgerð.

**Ætt:**

- Prestur 94-823
  - Greifi
    - Glæsir Gunnarsstöðum
    - Surtla
  - Mókolla
    - Móglæsir Vopnafirði
    - Svört Gunarsstöðum

| Mál og stigun, veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1994 | 86 | 108 | 26,0 | 122 | 41/5/-(H) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,5 | 9,0 | 18,0 | 9,0 | 8,0 | 8,0 | 86,5 |

# Mjaldur

## frá Tóftum Stokkseyrarhreppi, Árnessýslu




**Ætt:**

- Mjaldur 93-985
  - Þéttir 91-931
    - Moli 90-300 Oddgeirshólum
    - Fimma 87-738
  - Hringja 91-123
    - Fóli 88-911
    - Hringja 30

MMF: Smári 78-990

**Lýsing:** Mjaldur er hvítur, hyrndur, hálsinn er sver og herðar vel holdfylltar, brjóstkassinn er sívalur, bakið er óvenju sterkt og holdfylling í baki og mölum sérlega góð. Lærvöðvinn er þykkur og djúpur.

**Ullarlýsing EE:**
Hreinhvítur og laus við svört hár. Fremur ullarmikill og togið í meðallagi gróft, aðeins grófara í síðum. Ullin fremur stutt í baki.

| | Mjaldur 93-985 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 186 | 134 | 121 |
| | Þungi | 45 | 46 | 43 |
| | Fótleggur | 111 | 111 | 111 |
| | Læri | 16,5 | 16,6 | 16,5 |
| | Ull | 8,0 | 8,0 | 8,0 |
| | Ómvöðvi | 26,6 | 26,1 | 26,5 |
| | Ómfita | 3,6 | 3,9 | 3,3 |
| | Lögun | 3,5 | 3,5 | 3,6 |
| KJÖTMAT | | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | | 649 | |
| | Gerð | | 117 | 7,9 |
| | Fita | | 91 | 7,7 |
| | Heild | | 104 | |

| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | |
|---|---|---|
| LÖMB | Fjöldi | 1896 |
| | Einkunn | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | 426 |
| | Frjósemi | +5 |
| | Einkunn | 105 |

*Tölur [illegible] úr heimafélagi

**Reynsla:** Mjaldur hefur verið notaður við sæðingar til fjölda ára. Hann var afkvæmaprófaður á fyrsta ári þar sem hann sýndi mjög góðar niðurstöður um kjötgæði sem þúsundir afkomenda hans síðan hafa staðfest. Á hverju hausti kemur fyrir mikið af glæsilömbum undan honum en umfram flesta aðra stöðvarhrúta gefur hann mikið af hreinhvítum lömbum með mikla og góða ull. Á Mjaldur er einnig komi mikil og jákvæð reynsla sem ærfőður. Mjaldur verður því að teljast mjög góð kynbótakind með tilliti til fjölda eiginleika.

**Litaerfðir:** Mjaldur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Áhættuarfgerð.

## SKÝRINGAR

**Ómmæling:** (H) Hollenskt ómtæki eins og notað er hér á Suðurlandi. (S) Skoskt ómtæki — er notað t.d. á Vesturlandi og sýnir um 2mm minni vöðvaþykkt en það hollenska. Fyrir þessum mun er leiðrétt varðandi niðurstöður úr lambhrútaskoðunum en ekki við birtingu talna úr afkvæmasýningum heima á bæjum. Ómsjármælingar á hrútunum sjálfum eru óleiðréttar.

**Ullarlýsingar:** Emma Eyþórsdóttir (skst. EE), sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og Kristinn Arnþórsson (skst. KA), ullarmatsmaður, hafa skoðað og gefið umsögn um ull flestra sæðingahrúta s.l. haust og fylgir umsögn þeirra á ull hrútanna með lýsingu.

**Gerð:** Upplýsingar um vaxtarlagsflokkun í kjötmati einstakra hrúta eru umreiknaður í einkunn fyrir gerð. Vaxtarlagsflokkunum er gefið eftirfarandi vægi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 6,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í R og 50% í O. Eðlilegt er að einkunn fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa og að lömbunum er slátrað í mörgum mismunandi sláturhúsum.

**Fita:** Á sama hátt og gefin er einkunn fyrir vaxtarlagsflokkun er gefin einkunn fyrir fituflokkun. Þannig fá fituflokkarnir vægistuðla á sama hátt; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Þannig snýr fitueinkunin í raun öfugt við vaxtarlagseinkunina, því lægri sem fitueinkunn er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika og sláturhúsum.

**Úr skýrslum fjárræktarfélaganna:** Vegna upplýsinga úr skýrslum fjárræktarfélaganna skal tekið fram að fyrir lömb er einkunn byggð á öllum lömbum. Einkunn um dætur hjá stöðvarhrútum er hins vegar aðeins byggð á dætrum þeirra frá árinu 2000, en ef upplýsingar eru úr heimafélagi eru þær byggðar á öllum upplýsingum um dætur hrútsins sem fram hafa komið þar.

**Litaerfðir**: Litaerfðir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórauðan lit, en mórauð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavíum fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir.

| Mál og stigun, tveggja vetra | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1995 | 94 | 108 | 26,0 | 122 | 43/-/-(H) | 8,5 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 8,5 | 17,5 | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 85,5 |

# Moli

## frá Efri Gegnishólum Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu



93-986

**Ætt:**

Moli 93-986
- Vöðvi 91-162
  - Klettur 89-930
  - Snegla 86-336
- Perla 83-288
  - Bláfeldur 79-807
  - Hnota 78-221

| | Moli 93-986 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 272 | 308 | 351 |
| | Þungi | 46 | 49 | 46 |
| | Fótleggur | 111 | 111 | 112 |
| | Læri | 16,7 | 16,6 | 16,6 |
| | Ull | 7,8 | 7,8 | 7,8 |
| | Ómvöðvi | 27,5 | 26,4 | 27,4 |
| | Ómfita | 3,1 | 3,4 | 3,2 |
| | Lögun | 3,6 | 3,5 | 3,7 |
| KJÖTMAT | | | BLUP | Einkunn 2000 |
| | Fjöldi | | 1264 | |
| | Gerð | | 123 | 8,7 |
| | Fita | | 101 | 7,9 |
| | Heild | | 112 | |

ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA*

| | | |
|---|---|---|
| LÖMB | Fjöldi | 2200 |
| | Einkunn | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | 753 |
| | Frjósemi | -3 |
| | Einkunn | 97 |

*[illegible]

**Lýsing:** Moli er hvítur, hyrndur, með þróttlegan haus vel holdfylltar herðar og sérlega víða bringu. Bakið er mjög sterkt, malir vel holdfylltar og lærvöðvinn er þykkur og djúpur. Fætur eru sterklegir og fótstaða góð. Moli er fremur fínbyggð glæsikind.

**Ullarlýsing EE:** Gulur í hnakka og á rófu og gult í ull á mölum en ekki áberandi gult annars staðar. Svartar doppur í baki. Fremur ullarstuttur í baki og magn tæplega í meðallagi en togið fínt.

**Reynsla:** Moli fékk sérlega glæsilega útkomu í afkvæmarannsókn Sauðfjársæðingastöðvar Suðurlands haustið 1997 þar sem hann var yfir meðaltali fyrir alla þætti. Gríðarlegur fjöldi lamba hefur komið til skoðunar undan Mola síðustu haust og einnig hafa mjög margir glæsilegir veturgamlir hrútar undan honum verið á sýningum. Einkennandi fyrir þá eru geysimiklar útlögur og afbragðs bak-, mala- og lærahold. Hefur Moli löngu sannað sig sem einhver öflugasti kynbótahrútur landsins hvað kjötgæði varðar.

Hins vegar er ljóst út frá feikimikilli reynslu um dætur hans að Moli gefur tæplega nægjanlega frjósamar dætur.

**Litaerfðir:** Moli er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

| Mál og stigun, tveggja vetra | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1996 | 86 | 100 | 23,5 | 117 | 30/2/-(S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | 17,5 | 7,5 | 7,5 | 8,0 | 81,5 |

# Bjálfi

## frá Hesti, Borgarfirði

**Ætt:**

Bjálfi 95-802
- Bútur 93-982
  - Keli 89-955
  - 85-821
- 93-003
  - Hörvi 92-972
  - 91-758



93-986

**Lýsing:** Bjálfi er hyrndur, hvítur. Hann er með fremur grannan haus. Hálsinn er stuttur og mjög digur, vel gróinn við herðar sem eru ágætlega holdfylltar en ekki breiðar. Bringan er breið og útlögur góðar. Bakið er mjög harðholda með vel lagaðan bakvöðva en ekki breitt. Malir eru vel holdfylltar en afturdregnar. Lærvöðvinn er mjög þykkur og harður. Fætur eru réttir en fremur grannir. Bjálfi er lágfættur, fremur langvaxinn og harðholda.
**Ullarlýsing EE:** Ullin áberandi gul um allt reyfi, svartar doppur á hækli og eyrum og ein svört doppa í ull. Toglítill og fremur ullarstuttur en þelið þykkt.
**Reynsla:** Bjálfi var í afkvæmarannsókn á Hesti haustið 1996 og skilaði þar þykkum bakvöðva og lítilli fitu. Læra- og frampartsstigun var vel yfir meðallagi og þriðjungur lambanna fór í gamla úrvalsflokkinn. Bjálfi gefur þykkan og vel lagaðan bakvöðva, litla fitu og góð læri sem og frampart. Vænleiki lamba undan Bjálfa er í góðu meðallagi en hann er nú fimmta árið í notkun á sæðingastöð og miðað við mikla reynslu og jákvæða er því ljóst að hér fer mjög mikilvirk kynbótakind. Margt álitlegra hrúta og hrútsefna hefur komið fram undan Bjálfa undanfarin haust.

| | Bjálfi 95-802 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 110 | 76 | 81 |
| | Þungi | 46 | 47 | 47 |
| | Fótleggur | 111 | 110 | 110 |
| | Læri | 16,6 | 16,8 | 16,8 |
| | Ull | 7,6 | 7,7 | 7,7 |
| | Óm vöðvi | 26,5 | 25,9 | 27,1 |
| | Óm fita | 3,2 | 3,3 | 3,2 |
| | Lögun | 3,6 | 3,6 | 3,6 |
| KJÖTMAT | | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | | 726 | |
| | Gerð | | 117 | 8,2 |
| | Fita | | 119 | 7,0 |
| | Heild | | 118 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | | 1241 |
| | Einkunn | | | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | | | 277 |
| | Frjósemi | | | +4 |
| | Einkunn | | | 109 |

*Tölur [illegible]

Samkvæmt uppgjöri ársins 2000 virðast dætur Bjálfa vera í góðu meðallagi um frjósemi og eru jafnframt mjólkurlagnar. Samkvæmt voruppgjöri 2001 hafa þær þó dalað nokkuð í frjósemi. Synir Bjálfa hafa verið að skila ákaflega góðum sláturlömbum sem eru að jafnaði töluvert yfir meðaltali í einkunn bæði fyrir gerð og fitu, þeir eru því meðal fárra hrúta sem virðast sameina jákvæða þætti bæði um gerð og fitu.
**Litaerfðir:** Bjálfi er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

| Mál og stigun, veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1996 | 83 | 100 | 25,0 | 123 | 29/3/-(S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 17,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 82,5 |

# Mölur

## frá Hesti, Borgarfirði







MFF: Keli 89-955, MMF: Sindri 80-834

**Lýsing:** Mölur er fínhyrndur með þróttlegan haus, vel holdfylltar herðar og sívalan frampart. Bak og malir eru vel holdfyllt, lærvöðvinn þykkur. Fætur eru réttir og fótstaðan sérlega góð.
**Ullarlýsing EE:** Ullarmikill og lagðprúður hrútur en ullin áberandi gul um allt reyfi. Svört hár fundust ekki. Ullin togmikil og togið fremur gróft.

| | Mölur 95-812 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 24 | 25 | 65 |
| | Þungi | 44 | 47 | 45 |
| | Fótleggur | 114 | 114 | 114 |
| | Læri | 16,2 | 16,7 | 16,4 |
| | Ull | 7,7 | 7,6 | 7,7 |
| | Óm vöðvi | 25,1 | 24,9 | 25,9 |
| | Óm fita | 3,1 | 3,3 | 3,2 |
| | Lögun | 3,2 | 3,4 | 3,5 |
| KJÖTMAT | | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | | 380 | |
| | Gerð | | 102 | 8,1 |
| | Fita | | 108 | 7,6 |
| | Heild | | 105 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | | 538 |
| | Einkunn | | | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | | | 142 |
| | Frjósemi | | | +11 |
| | Einkunn | | | 113 |

*Tölur [illegible]

**Reynsla:** Mölur var í afkvæmarannsókn á Hesti 1996 þar sem að hann gaf þykkan bakvöðva (26,9 mm er 26,0 mm var meðalt. ranns.), vel lagaðan og lærastig yfir meðaltali rannsóknar. Í afkvæmarannsókn hjá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands 1998 staðfesti hann fyrri niðurstöður. Nokkuð er um galla í frambyggingu undan Möl en mala- og lærahold eru góð. Kynbótamat er jákvætt fyrir bæði gerð og fitu.
Dætur Malar á Hesti hafa reynst öflugar afurðaær, bæði frjósamar og farsælar. Þannig áttu þær 1,89 lömb/á tveggja vetra og 2,00 lömb/á þriggja vetra. Afurðir þeirra eru verulega yfir meðallagi. Dætur Malar úr sæðingum virðast staðfesta reynsluna frá Hesti. Mölur gefur því ágæta kjöteiginleika og mjög góða mjólkurlagni og frjósemi dætra, hann er því ákjósanlegur ærfaðir.
**Litaerfðir:** Mölur er arfblendinn hvítur, gefur mórauðan lit en ekki tvílit.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

| Mál og stigun, veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1998 | 90 | 102 | 25,0 | 116 | 32/8/-(H) | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 8,5 | 18,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 84,5 |

# Lækur

**frá Lækjarhúsum, Suðursveit, A-Skaft.**



97-843

| *Ætt:* | | | |
|---|---|---|---|
| Lækur 97-843 | | | |
| Garpur 92-808 | | Spóla 93-987 | |
| Hrókur 88-108 | Varta 88-829 | Þéttir 91-931 | Filma 90-855 |

MMF: Steinn 81-864, MMFF: Smári 78-990.

**Lýsing:** Lækur er hvítur, fínhyrndur og aðeins gulur í hnakka og á fótum. Hausinn er fríður og hornalag gott. Hálsinn er stuttur og sver og útlögur miklar. Bakið er holdugt og sterkt, malir holdfylltar og kúptar. Lærahold úrvalsgóð. Fætur eru réttir. Lækur er afar jafnvaxinn og fönguleg holdakind.

**Ullarlýsing EE:** Gulur í hnakka og á fótum og ullin mikið gul í aftanverðu reyfi, fram á miðjan hrygg en þokkalega hvít að framanverðu. Fremur ullarlítill og togstuttur en togið mjúkt og fínt. Engin svört hár fundust.

| | Lækur 97-843 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|
| Lambhrútaskoðun | Fjöldi | 214 | 131 |
| | Þungi | 47 | 46 |
| | Fótleggur | 110 | 110 |
| | Læri | 17,0 | 16,8 |
| | Ull | 7,7 | 7,7 |
| | Ómvöðvi | 26,5 | 26,9 |
| | Ómfita | 3,3 | 3,3 |
| | Lögun | 3,7 | 3,6 |
| Kjötmat | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 572 | |
| | Gerð | 125 | 8,1 |
| | Fita | 109 | 7,1 |
| | Heild | 117 | |

| Úr skýrslum fjárræktarfélaganna* | | |
|---|---|---|
| Lömb | Fjöldi | 778 |
| | Einkunn | 101 |
| Dætur | Afurðaár | 13 |
| | Frjósemi | +5 |
| | Einkunn | 105 |

*[illegible]

**Reynsla:** Lækur (þá Askur) var hæst dæmdi hrútur A-Skaftafellssýslu haustið 1998 og var í afkvæmarannsókn fjögurra hrúta sama haust í Lækjarhúsum þar sem hann varð efstur með 119 í kjötmatshluta, 131 við mat lifandi lamba og 125 í heildareinkunn, ómvöðvi 24,6 mm (H), fita 2,6 mm, læri 16,9 stig, ull 7,5 stig, gerð 10,55 og fallþungi 16,02 kg (0,4 kg yfir meðaltali). Lækur var afkvæmaprófaður af Sauðfjársæðingastöð Suðurlands haustið 2000 þar sem hann í raun staðfesti að hann gefur mjög sterkan afturpart og fremur litla fitu en ullargæði eru undir meðallagi. Fullyrða má að enginn hrútur hafi gefið fleiri afburðagóða einstaklinga en hann í lambaskoðunum haustið 2000 og því ekki að undra að víða komu fram margir toppar undan honum á sýningum veturgamalla hrúta nú í haust. Eins og sjá má á öllum tölum gefur Lækur mikil lærahold og frábæra flokkun sláturlamba eins og faðir hans Garpur gerði alla sína tíð. Lækur hefur nú þegar sannað sig sem mikill kynbótahrútur með tilliti til kjötgæða.

Miklar upplýsingar um frjósemi veturgamalla dætra Læks vorið 2001 sýna jákvæðar niðurstöður fyrir þennan eiginleika.

**Litaerfðir:** Lækur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Áhættuarfgerð.

| Mál og stigun, veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1998 | 78 | 104 | 24,0 | 120 | 37/3/-(H) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 17,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 83,5 |

# Sjóður

**frá Efri-Gegnishólum, Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu.**

| *Ætt:* | | | |
|---|---|---|---|
| Sjóður 97-846 | | | |
| Hörvi 92-972 | | Króna 91-390 | |
| Krappur 87-855 Hesti | 89-456 Hesti | Raspur 89-151 | Líra 86-328 |

FFF: Strammi 83-833, MFF: Ylur 84-887, MMFF: Smári 78-990.



97-846

**Lýsing:** Sjóður er hvítur og grófhyrndur. Hausinn er frekar langur og svipurinn hörkulegur. Hálsinn sver, herðar fremur háar, bringan breið en skortir nokkuð á útlögur. Bakið er gríðarsterkt og vel holdfyllt. Malir langar og vöðvaðar. Lærahold góð, vöðvinn þykkur og mikill. Fætur réttir og sterklegir. Sjóður er gríðarlega bollöng og hraustleg kind.
**Ullarlýsing EE:** Örlítið gult í hnakka og á eyrum en gulur litur fannst ekki í ullinni. Ullarmagn í tæpu meðallagi og ullin fremur stutt en togið fínt og ullin mjúk. Engin svört hár fundust.
**Reynsla:** Sjóður var í afkvæmarannsókn sjö hrúta vegna sæðingastöðvanna í Háholti árið 2000. Þar fékk hann þá útkomu við mat á hrútlömbun að hann fékk 121 í einkunn úr kjötmati, 106 úr mati og mælingu lifandi lamba eða 114 í heildareinkunn. Niðurstaða í gimbralömbum var ívíð lakari. Yfirburðir hans liggja fyrst og fremst í að skila ótrúlega litilli fitusöfnun, en meðalfituflokkun var 5,8, þegar meðaltal í rannsókninni var 7,5. Meðalfituþykkt á síðu 8,4 mm þegar meðaltal í rannsókn var 10 mm, þó að lömbin undan Sjóði væru yfir meðaltali í fallþunga. Nokkuð skortir á gerð í framparti hjá mörgum afkvæma hans. Sjóður er hrútur sem fyrst og síðast er ætlaður til nota þar sem fallþungi er mikill og þörf er fyrir að minnka fitusöfnun. Við þær aðstæður er Sjóður tvímælalaust mikil kynbótakind.
Sjóður er fæddur þrílembingur og móðir hans, Króna 91-390, var einnig fædd þrílembingur. Hún bar 7 sinnum, fjórum sinnum þrílembd og þrisvar sinnum tvílembd með 6,2 í afurðastig. Sjóður er enn nánast óreyndur sem ærfaðir.

| | Sjóður 97-846 | | 2001 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | | 115 |
| | Þungi | | 47 |
| | Fótleggur | | 111 |
| | Læri | | 16,6 |
| | Ull | | 8,0 |
| | Ómvöðvi | | 26,3 |
| | Ómfita | | 3,1 |
| | Lögun | | 3,5 |
| KJÖTMAT | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 73 | |
| | Gerð | 105 | 8,0 |
| | Fita | 141 | 5,8 |
| | Heild | 123 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 42 |
| | Einkunn | | 100 |
| DÆTUR | Afurðaár | | |
| | Frjósemi | | |
| | Einkunn | | |

*[illegible]

**Litaerfðir:** Sjóður er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

### Mál og stigun, lamb og þriggja vetra

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1997 | 57 | 90 | 20,5 | 115 | 30/3/-(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 17,0 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 111 | 116 | 27,0 | 122 | 36/5/4(S) | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 85,0 |

# Bjargvættur

## frá Jaðri, Hrútafirði, V-Húnavatnssýslu.




**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Haus er sver og svipmikill og hann er vel hyrndur. Háls stuttur og sver. Breiðar, aðeins ójafnar en ákaflega vel holdfylltar herðar. Bringan breið og útlögur góðar. Bakið breitt, sterkt og ákaflega vel holdfyllt. Malir kúptar og kjötfylltar. Lærahold með því besta sem gerist, vöðvinn djúpur þykkur og vel lagaður. Fætur sterkir og réttir. Ákaflega harðholda, jafnvaxinn og falleg kind.
**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum. Talsvert ber á svörtum doppum á belg, en samt ekki mikið um svört hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Stutt ull á baki. Tog í grófara lagi.
**Reynsla:** Bjargvættur var í afkvæmarannsókn 9 hrúta á Þóroddsstöðum haustið 2001. Þar fékk hann harða samkeppni tveggja annarra hrúta fæddra á Jaðri, sem í sumum þáttum stóðu honum jafnfætis eða framar. Bjargvættur gaf þarna áberandi vel þroskuð lömb með góða gerð, öflugan bakvöðva og mjög góð lærahold og talsvert af góðum hrútsefnum. Lömb undan honum fengu gott kjötmat í rannsókninni og mældust með fitu undir meðallagi þrátt fyrir mikinn vænleika, en fallþungi hrútlamba undan honum var 0,6 kg umfram meðaltal rannsóknarinnar. Árin áður hafði Bjargvættur skilað mjög góðum sláturlömbum bæði heima á Jaðri og á öðrum búum sem hann hafði verið notaður á.

| | Bjargvættur 97-869 | BLUP | Flokkun 1999 | Flokkun 2000 |
|---|---|---|---|---|
| KJÖTMAT | Fjöldi | 85 | | |
| | Gerð | 105 | 7,9 | 9,3 |
| | Fita | 112 | 5,4 | 7,6 |
| | Heild | 109 | | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | | 104 |
| | Einkunn | | | 105 |
| DÆTUR | Afurðaár | | | 5 |
| | Frjósemi | | | +21 |
| | Einkunn | | | 105 |

*[illegible]




FMFF: Stakkur 79-975, MMFF: Smári 78-990

Nánast engin reynsla er komin á Bjargvætt sem ærföður en móðir hans hefur fimm sinnum verið tvílembd á sjö árum en hún lét í vor tveimur lömbum og hefur 6,6 í afurðastig.
**Litaerfðir:** Bjargvættur er arfblendinn hvítur en erfir líklega hvorki mórauðan lit né tvílit.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 82 | 102 | 23,5 | 123 | 31/7/-(H) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 16,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 81.0 |

# Morró

## frá Tóftum, Árborg., Árn.




**Lýsing:** Morró er fínhyrndur, mórauður. Hausinn er fremur grannur, háls og herðar ágætlega holdfyllt og útlögur í meðallagi. Bakhold allgóð, malir langar og holdmiklar en ekki breiðar. Læri vel löguð en vöðvinn ekki djúpur. Morró er allvel gerð mórauð kind og kemur inn á stöð sem slíkur.

| | Morró 98-845 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|
| Lambhrútaskoðun | Fjöldi | 12 | 35 |
| | Þungi | 50 | 47 |
| | Fótleggur | 109 | 111 |
| | Læri | 16,9 | 16,3 |
| | Ull | 7,7 | 7,4 |
| | Ómvöðvi | 25,3 | 25,1 |
| | Ómfita | 3,7 | 3,8 |
| | Lögun | 3,1 | 3,2 |
| Kjötmat | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 91 | |
| | Gerð | 117 | 7,7 |
| | Fita | 78 | 7,5 |
| | Heild | 98 | |

| Úr skýrslum fjárræktarfélaganna* | | |
|---|---|---|
| Lömb | Fjöldi | 138 |
| | Einkunn | 100 |
| Dætur | Afurðaár | 4 |
| | Frjósemi | -10 |
| | Einkunn | 98 |

*Tölur [illegible]

**Ullarlýsing:** Ullin er þokkalega mórauð en nokkuð er um grá toghár. Ullarmagn í meðallagi.

**Reynsla:** Morró virðist gefa bakvöðva undir meðallagi en þokkalega gerð að öðru leyti. Hann ætti víðast að kynbæta mislitt fé þó hann standist öðrum hyrndum hrútum vart snúning. Vorupplýsingar um veturgamlar dætur vorið 2001 sýna afar jákvæða mynd um frjósemi þeirra.

**Litaerfðir:** Morró er mórauður og gefur einnig tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

***Ætt:***

- Morró 98-845
  - Serkur 95-811
    - Svali 91-660 Berserkseyri
    - Heiða 92-885 Berserkseyri
  - 94-008
    - Stakkur 89-957
    - Gæfa 98-005

FFF: Kjói 89-954, FMF: Dropi 91-975, MFMF: Stubbur 85-869

---

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 73 | 99 | 22,0 | 126 | 31/3/-(H) | 8,0 | 7,5 | 8,5 | 8,5 | 8,0 | 17,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 81.5 |

# Hagi

## frá Hagalandi, Þistilfirði N.Þing.




**Lýsing:** Hagi er hvítur, hyrndur, bjartur á haus en með örlitla, svarta dropa. Haus er stuttur og fríður, hálsinn sver en vottar fyrir grófleika um herðar, bringa breið og útlögur miklar. Bak fremur breitt, sterkt og vel holdfyllt, malir breiðar með miklum vöðva en finnst þó fyrir tortubeini. Lærvöðvi mjög vel lagaður, djúpur, þykkur og lokar vel klofi, fætur réttir og fótstaða mjög gleið. Hagi var afburðaglæsilegt lamb en fór illa í uppeldi

| | Hagi 98-857 | | 2001 |
|---|---|---|---|
| Lambhrútaskoðun | Fjöldi | | 157 |
| | Þungi | | 46 |
| | Fótleggur | | 111 |
| | Læri | | 16,6 |
| | Ull | | 7,8 |
| | Ómvöðvi | | 25,9 |
| | Ómfita | | 3,0 |
| | Lögun | | 3,3 |
| Kjötmat | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 68 | |
| | Gerð | 118 | 7,7 |
| | Fita | 103 | 6,9 |
| | Heild | 111 | |

| Úr skýrslum fjárræktarfélaganna* | | |
|---|---|---|
| Lömb | Fjöldi | 93 |
| | Einkunn | 96 |
| Dætur | Afurðaár | 7 |
| | Frjósemi | ÷6 |
| | Einkunn | 101 |

*Tölur [illegible]

***Ætt:***

- Hagi 98-857
  - Blómi 96-695
    - Börkur 95-613
    - Bylgja 93-209
  - Langa 94-214
    - Hólmi 93-545
    - Löng 86-123

FFF: Gosi 91-945, FMF og MFF: Fóli 88-911,
MMF: Hnoðri 83-883.

lambsveturinn og hefur því ekki að fullu sýnt sitt gerfi sem einstaklingur.

**Ullarlýsing KA:** Ullin alhvít en snoppa og klaufir dökkar, engin svört hár fundust. Ullin er mikil en tog í grófara lagi.

**Reynsla:** Hagi var í afkvæmarannsókn á Hagalandi haustið 1999 og stóð þar efstur og jafn föður sínum í hópi 7 hrúta, þó að ásetningur lamba væri verulegur undan honum þá um haustið. Haustið 2000 var hann í afkvæmarannsókn í hópi 8 hrúta vegna sæðingastöðvanna í Holti. Niðurstaðan varð sú, að Hagi lenti þar í þriðja sæti með 107 í einkunn fyrir sláturlömb og 107 fyrir ómmælingar, en fallþungi var undir meðallagi. Í öðru sæti í þessari rannsókn var faðir Haga, Blómi 96-695. Undan Haga komu afburða glæsilegir veturgamlir hrútar á sýningar haustið 2000. Einkennandi fyrir lambhrúta úr sæðingum sem mældir voru í haust er prúðleiki á velli og almennt jöfn og góð gerð. Upplýsingar um veturgamlar dætur eru jákvæðar um frjósemi þeirra. Langa 94-214 móðir Haga var geld gemlingurinn (eins og aðrar veturgamlar ær á Hagalandi á þeim árum), en síðan ætíð tvílembd og með 7,8 í afurðastig.

**Litaerfðir:** Hagi er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 83 | 105 | 24,0 | 122 | 33/5/-(H) | 8,0 | 7,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 82.5 |

# Túli
## frá Leirhöfn á Sléttu, N.Þing.




**Lýsing:** Túli er hvítur, gleiðhyrndur með fremur fíngerð horn. Hausinn er stuttur og sver með breitt enni, háls stuttur og sver, herðar fremur breiðar og holdfylltar en örlítið slöður aftan við bóga, brjóstkassinn hvelfdur. Bak breitt, sterkt og mjög vel holdfyllt, malir breiðar, fremur stuttar en ágætlega holdfylltar, hvelfdur, þykkur og mikill lærvöðvi. Fætur eru réttir og fótstaða góð.

**Ullarlýsing KA:** Gulur á haus, í hnakka og á fótum en engar illhærur á bol, laus við svört hár. Ullin mikil, fíngerð framan til en mun grófari á mölum.

| | Túli 98-858 | | 2001 |
|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | | 285 |
| | Þungi | | 46 |
| | Fótleggur | | 112 |
| | Læri | | 16,6 |
| | Ull | | 7,7 |
| | Óm vöðvi | | 27,1 |
| | Óm fita | | 3,1 |
| | Lögun | | 3,6 |
| KJÖTMAT | | BLUP | [illegible] 2000 |
| | Fjöldi | 98 | |
| | Gerð | 120 | 8,4 |
| | Fita | 108 | 7,5 |
| | Heild | 114 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 45 |
| | Einkunn | | 103 |
| DÆTUR | Afurðaár | | |
| | Frjósemi | | |
| | Einkunn | | |

*Tölur [illegible]

**Reynsla:** Túli var haustið 2000 í afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna í Holti. Reyndist hann þar nokkuð afgerandi í efsta sæti með 109 í einkunn fyrir sláturlömb og 128 í einkunn fyrir ómmælingu, var hann á meðaltali í fallþunga. Túli var einnig í afkvæmarannsókn í Sveinungsvík, var útkoman þar alveg hliðstæð. Kostir afkvæma hans eru einkum fólgnir í þykkum, vel löguðum bakvöðva og framúrskarandi læraholdum. Þessir kostir komu skýrt fram í lambaskoðunum í haust.

Engar upplýsingar liggja fyrir um dætur Túla. Móðir hans, 93-008, var tvílembd gemlingsárið og ætíð síðan og hefur 6,4 í afurðastig.

**Litaerfðir:** Túli er arfhreinn hvítur.

**Ætt:**

- Túli 98-858
  - Garpur 92-808
    - Hrókur 88-108 Lækjarhúsum
    - Varta 89-929 Lækjarhúsum
  - 93-008
    - Fóli 88-911
    - 87-046

MMFF: Hnoðri 83-883.

NORÐLENSKA

| Mál og stigun, veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1999 | 91 | 102 | 25,0 | 123 | 33/3/4(S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | 84,5 |

# Náli frá Hesti, Borgarfirði.




**Ætt:**

- Náli 98-870
  - Moli 93-986
    - Vöðvi 91-162 Efri-Gegnishólum
    - Perla 83-288 Efri-Gegnishólum
  - 96-396
    - Hörvi 92-972
    - 93-028

FFF: Klettur 89-930, FMF: Bláfeldur 79-807, MMFF. Galsi 88-929

**Lýsing:** Hvítur hyrndur. Þróttlegur og fríður haus, horn fremur sver. Háls stuttur og sver. Herðar aðeins í hærra lagi, bringubreidd í góðu meðallagi og útlögur allgóðar. Bak sterkt og kúptur bakvöðvi. Malir breiðar og vel holdfylltar. Lærvöðvi sérlega vel lagaður, gríðarlega þykkur og fyllir vel. Fætur réttir og fótstaða traust. Bollengd í góðu meðallagi og fríð kind.
**Ullarlýsing EE:** Gulur í hnakka og dindli. Nokkuð um gul hár á aftari hluta skrokksins. Svartar doppur finnast. Ull í góðu meðallagi að magni. Fremur ullarstuttur á baki. Tog í meðallagi að magni og grófleika.
**Reynsla:** Náli var í afkvæmarannsókn á Hesti haustið 1999 eins og aðrir veturgamlir hrútar búsins. Hann var á meðaltali með fallþunga lamba í rannsókninni, en afkvæmi hans sýndu umtalsverða yfirburði í öllum þáttum ómmælinga og í kjötmati voru þau með nokkra yfirburði bæði um gerð og fitu en lærastig voru á meðaltali. Náli hefur síðan skilað mjög góðum sláturlömbum. Gefur skakkt bit.
Dætur hans, sem enn eru mjög ungar, hafa reynst prýðilega til afurða og flokkun lamba undan þeim hefur verið með afbrigðum góð.

---

| Mál og stigun, veturgamall | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 88 | 104 | 25,0 | 117 | 37/4/5(S) | 8,0 | 9,0 | 8,5 | 9,5 | 9,0 | 17,5 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 85,0 |




**Ætt:**

- Lóði 00-871
  - Klaufi 99-067
    - Sekkur 97-836
    - 97-531
  - 97-940
    - Sturli 96-029
    - 93-999

Skyldleikaræktaður afkomandi Hörva 92-972 sem er MMF, FMMF og MFMF

# Lóði frá Hesti, Borgarfirði.

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur. Haus heldur í lengra lagi, krapphyrndur með sver horn. Hálsinn stuttur og sver og fellur ákaflega vel að kúptum mjög vel holdfylltum herðum. Bakhold einstök. Malir fremur stuttar og brattar en vel vöðvaðar. Kúptur og mjög þykkur lærvöðvi. Sterklegir fætur. Kviðléttur, fremur bolstuttur og virkar sem eitt kjötstykki í átaki. Skapillur.
**Ullarlýsing EE:** Gulur á fótum og í hnakka, gulur kragi á hálsi og mikið af gulum hárum um allan bol. Engin svört hár í ull. Ullarmagn í góðu meðallagi. Ull fremur jöfn en styttri á baki.
**Reynsla:** Lóði var í afkvæmarannsókn á Hesti haustið 2001. Í kjötrannsókn komu 16 sláturlömb (hrútar) undan honum. Fallþungi þeirra var aðeins undir meðaltali eða 15,5 kg að meðaltali. Lömb undan honum fengu hæst lærastig allra lamba í rannsókninni eða 4,10 að meðaltali. Flokkun lambanna var afbragðsgóð þar sem fyrir gerð fengu þau að jafnaði 9,2 en voru um leið ákaflega fitulítið þar sem meðaltal var 4,8 fyrir fituflokk. Í ómmælingu voru lömb undan honum aðeins undir meðaltali um þykkt bakvöðva. Í Lóða fer því einstaklingur sem gefur gott vaxtarlag sláturlamba um leið og þau eru með afbrigðum fitulítil. Móðir Lóða var einlembd bæði gemlingur og tvævetla en tvílembd síðan. Skilaði 31,0 kg af kjöti í haust.
**Litaerfðir:** Lóði er arfhreinn hvítur.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun, lamb og veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 51 | 91 | 21,0 | 116 | 34/3/4(S) | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 85,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2001 | 91 | 110 | 24,5 | 126 | 39/7/4(H) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 84,0 |

# Dóni Sveinungsvík, Svalbarðshreppi, N-Þing.







FMF: Prúður 85-905, MFF: Hörvi 92-972, FMMF: Sólon 84-867.

**Lýsing:** Hvítur og hyrndur. Hausinn fínlegur og mjög vel fínhyrndur. Háls sver og fellur vel að bol. Herðar aðeins í hærra lagi. Bringubreidd í meðallagi og útlögur góðar. Bakið sterklegt. Malir breiðar og vel holdfylltar. Lærvöðvinn mjög þykkur uppí lærinu og fyllir nokkuð vel í krikann en mætti klæða betur niður á hækilinn. Fætur réttir. Bollangur, kviðléttur og frísklegur hrútur.

**Ullarlýsing EE:** Fölgulur á haus og fótum og örfá gul hár má finna á bol. Svört hár finnast ekki. Ullarmagn um meðallag. Fremur stutt ull á baki. Fínleiki ullar í meðallagi og þel gott.

**Reynsla:** Dóni átti haustið 2001 lömb í afkvæmarannsókn á Presthólum þar sem hann var í samanburði 11 hrúta, flestra valinna sem álitlegustu hrútar á svæðinu austan Jökulsár á Fjöllum. Í þessum samanburði sýndi hann skýra yfirburði umfram aðra hrúta í rannsókninni. Við skoðun á lifandi lömbum fékk hann 125 í heildareinkunn fyrir hrútlömb og 121 fyrir gimbralömb. Lömbin höfðu mjög þykkan og vel lagaðan bakvöðva og voru þroskamikil og góð lærahold, en í sumum tilvikum vantaði aðeins á fyllingu niður á legginn þó að lærvöðvi væri þykkur, þar sem sum voru full legglöng. Í slátrun fékk hann 111 í samanburði þessara úrvalshrúta með væn lömb með mat fyrir gerð umfram meðaltal og fitu undir meðaltali. Í heildareinkunn var Dóni með hæstu einkunn hrúta í rannsókninni. Dóni hafði lítillega verið notaður heima í Sveinungsvík og komu þar til skoðunar mjög athyglisverð hrútlömb undan honum.

Móðir Dóna var einlembd gemlingsárið en síðan tvílembd utan einu sinni. Afurðaeinkunn 4,2 fyrir tvö ár.

**Litaerfðir:** Dóni er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.




Bændasamtök Íslands
sími 563 0300 — www.bondi.is

Fjárvís fyrir sauðfjárbændur

Afurða- og ætternisbókhald fyrir sauðfé

Nauðsynlegt stjórntæki við gæðasýringu

Auðveld skráning

Skýrslugerð einföld

Gott og þægilegt forrit fyrir sauðfjárræktendur

Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar
eða kíktu á www.bondi.is

# KOLLÓTTIR HRÚTAR

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1995 | 80 | 106 | 24,5 | 120 | 38/7/-(H) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 8,5 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 85.5 |

## Búri frá Norðurhjáleigu, Álftaveri, V-Skaft.




**Ætt:**

- Búri 94-806
  - Búi 89-950
    - Broddi 85-892
    - Austra Þingdal
  - 90-752
    - Kópur 87-296
    - 83-502

MFF. Þröstur 85-912, MMF. Andri 76-970

**Lýsing:** Búri er kollóttur, hvítur að lit. Hann er bollangur og fremur lágfættur og með frábæra holdfyllingu í baki, mölum og lærum. Fætur eru sterklegir og fótstaða góð.

**Ullarlýsing EE:** Gulur í hnakka og rófu og gul hár í ull á mölum en ekki ber á gulum hárum annars staðar, svört hár fundust ekki. Ullarmagn í góðu meðallagi og togið í meðallagi gróft.

| Búri 94-806 | | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 13 | 7 | 80 |
| | Þungi | 45 | 43 | 49 |
| | Fótleggur | 109 | 111 | 113 |
| | Læri | 16,3 | 16,3 | 16,5 |
| | Ull | 7,9 | 7,6 | 7,7 |
| | Ómvöðvi | 24,6 | 25,4 | 25,0 |
| | Ómfita | 3,6 | 4,0 | 3,8 |
| | Lögun | 3,1 | 3,2 | 3,2 |
| KJÖTMAT | | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | | 359 | |
| | Gerð | | 107 | 7,1 |
| | Fita | | 91 | 6,9 |
| | Heild | | 99 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | | 477 |
| | Einkunn | | | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | | | 100 |
| | Frjósemi | | | +14 |
| | Einkunn | | | 115 |

* Tölur í grænum lit eru úr heimafélagi

**Reynsla:** Búri hefur verið notaður nokkur ár til sæðinga. Hann gefur væn og bollöng lömb með góð kjötgæði. Reynsla sem fengin er um dætur hans segir að Búri sé úrvalsgóður ærfaðir.

**Litaerfðir:** Búri er arfblendinn hvítur en gefur hvorki mórautt né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1996 | 93 | 107 | 26,0 | 120 | 31/-/-(H) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 8,5 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 84.5 |

## Bassi frá Bassastöðum í Kaldrananesrreppi, Strand. (keyptur frá Melum, Árneshreppi, Strandasýslu).




**Ætt:**

- Bassi 95-821
  - Prúður 92-278
    - Tumi 89-549 Hafnardal (frá Melum)
    - Hörð 88-653 Hafnardal
  - 93-315
    - Vaskur 90-937
    - 89-165

**Lýsing:** Bassi er hreint djásn að allri gerð. Hann er bollangur með þykkan bakvöðva, fádæma mikil lærahold og vel hvíta ull.

**Reynsla:** Bassi hefur verið notaður nokkur ár á sæðingastöð. Hann var í afkvæmarannsókn á Suðurlandi á fyrsta notkunarári þar sem mikil kjötgæði afkvæma hans voru staðfest. Þessi reynsla hefur verið rækilega staðfest við skoðun lamba undan honum undanfarin haust, þar sem mörg þeirra hafa verið væn, bollöng og mjög vel vöðvafyllt. Undan Bassa hefur komið fjöldi afbragðsgóðra hrúta. Upplýsingar um mikinn fjölda dætra hans frá vorin 2001 rennir frekari stoðun undir það að sem ærfaðir muni hann ekki bæta frjósemi.

| Bassi 95-821 | | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| LAMBHRÚTASKOÐUN | Fjöldi | 56 | 81 | 69 |
| | Þungi | 48 | 46 | 48 |
| | Fótleggur | 114 | 114 | 112 |
| | Læri | 16,4 | 16,5 | 16,7 |
| | Ull | 7,8 | 7,9 | 7,8 |
| | Ómvöðvi | 26,4 | 26,2 | 26,8 |
| | Ómfita | 3,5 | 4,0 | 3,6 |
| | Lögun | 3,3 | 3,4 | 3,7 |
| KJÖTMAT | | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | | 540 | |
| | Gerð | | 104 | 6,9 |
| | Fita | | 110 | 7,0 |
| | Heild | | 107 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | | 655 |
| | Einkunn | | | 101 |
| DÆTUR | Afurðaár | | | 78 |
| | Frjósemi | | | -1 |
| | Einkunn | | | 99 |

* Tölur í grænum lit eru úr heimafélagi

**Litaerfðir:** Bassi er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun, veturgamall**

| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1998 | 73 | 97 | 22,5 | 110 | 33/4/-(S) | 8,0 | 8,0 | 7,5 | 8,5 | 8,0 | 17,0 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 80.5 |

# Stúfur

## frá Bassastöðum, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu.



97-854




**Lýsing:** Stúfur er hvítur, kollóttur með stuttan og sveran haus, háls er stuttur og sver og fellur vel að bol, herðar hvelfdar og vel holdfylltar, brjóstkassi sívalur. Bak er nokkuð breitt og feikilega vel holdfyllt, malir vel lagaðar og ágætlega holdfylltar, lærvöðvi klæðir alveg niður á hækil, er feikilega þykkur og lokar klofi eins og best gerist. Fætur eru sterkir og fótstaða gleið. Stúfur er fremur bolstuttur.

**Ullarlýsing KA:** Gulur í hnakka og við dindil en ekki áberandi gulur á fótum. Svartar doppur á eyrum en svört hár fundust ekki á bol. Ullarmagn í meðallagi, tog í fínna lagi og mikið þel.

| | Stúfur 97-854 | | 2001 |
|---|---|---|---|
| Lambhrútaskoðun | Fjöldi | | 22 |
| | Þungi | | 46 |
| | Fótleggur | | 112 |
| | Læri | | 16,8 |
| | Ull | | 8,1 |
| | Ómvöðvi | | 28,4 |
| | Ómfita | | 3,3 |
| | Lögun | | 3,7 |
| Kjötmat | | BLUP | Flokkun 2000 |
| | Fjöldi | 123 | |
| | Gerð | 140 | 9,5 |
| | Fita | 82 | 7,1 |
| | Heild | 111 | |
| Úr skýrslum fjárræktarfélaganna* | | | |
| Lömb | Fjöldi | | 72 |
| | Einkunn | | 103 |
| Dætur | Afurðaár | | 13 |
| | Frjósemi | | -9 |
| | Einkunn | | 96 |

* Tölur í grænum lit eru úr heimafélagi

**Reynsla:** Stúfur var í afkvæmarannsókn á Bassastöðum haustið 1999 ásamt 6 öðrum hrútum og stóð þar langefstur með 132 í heildareinkunn. Haustið 2000 var hann í afkvæmarannsókn á vegum sæðingastöðvanna sem unnin var á báðum búunum á Melum í Árneshreppi. Á Melum 1 var hann efstur og jafn öðrum hrút í hópi 13 hrúta með 130 í einkunn fyrir sláturlömb og 122 fyrir ómmælingar. Á Melum 2 var hann efstur í hópi 10 hrúta þar sem hann fékk 151 í einkunn fyrir sláturlömb og 109 fyrir ómmælingar. Stúfur gefur hjá afkvæmum sínum feikilega þykkan bakvöðva og góða gerð hjá sláturlömbum. Að vænleika voru lömb undan honum í fyrrnefndum rannsóknum hins vegar í tæpu meðallagi. Því miður náðist einungis sæði úr Stúfi allra fyrstu daga sæðistökunnar í fyrra. Vonandi bregst hann ekki nú því mældir lambhrútar undan honum í haust staðfestu enn frekar að hér er á ferðinni yfirburðagripur fyrir kjötgæði.

**Litaerfðir:** Stúfur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# Dalur

## frá Heydalsá I (B.G.), Kirkjubólshr., Strandasýslu.

ATH. verður í notkun á Sauðfjársæðingastöð Vesturlands eftir 16. desember. Sjá umfjöllun á bls. 17.



97-838

| Mál og stigun, lamb og veturgamall | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1999 | 48 | 81 | 19,5 | 109 | 29/2/4(S) | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 18,0 | 7,5 | 8,0 | 8,0 | 82,5 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 91 | 105 | 25,0 | 119 | 36/5/4(S) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 84,5 |

# Arfi

## frá Heydalsá (B.G.), Kirkjubólshr., Strandasýslu.




**Ætt:**

- Arfi 99-873
  - Óri 98-564
    - Arður 97-520
    - 95-251
  - 94-191
    - Krókur 93-358
    - 91-101

FFFF: Skreppur 92-991, FMFF: Valur 90-934, MMFF. Moli 83-901

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur. Stuttur, fremur þróttlegur haus. Herðar kúptar, vel holdfylltar, bringa í meðallagi breið og sívalur bolur. Bakið sterkt. Malir mjög vel fylltar. Fótstaða góð. Gríðarlega þykkur og mikill lærvöðvi. Mjög jafnvaxinn og snotur hrútur.

| Arfi 99-873 | | BLUP | Flokkun 2000 |
|---|---|---|---|
| KJÖTMAT | Fjöldi | 20 | |
| | Gerð | 106 | 9,5 |
| | Fita | 116 | 6,8 |
| | Heild | 111 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 28 |
| | Einkunn | | 102 |
| DÆTUR | Afurðaár | | |
| | Frjósemi | | |
| | Einkunn | | |

* Tölur í grænum lit eru úr heimafélagi

**Ullarlýsing EE:**
Kolóttur á haus og svartar dropur á eyrum. Gul hár nokkuð áberandi á afturhluta skrokksins. Ullarmikill. Tog fremur jafnt og ekki meira en í meðllagi um grófleika. Þykkt, gljáandi þel.

**Reynsla:** Arfi var í afkvæmarannsókn í Húsavík í Kikju-bólshreppi haustið 2001 ásamt 12 öðrum hrútum. Þar var ágæti hans sem öflugs kynbótagrips með tilliti til kjötgæða sannreynd, en haustið 2000 komu fram sterkar vísbendingar um mikla kosti hans að því leyti. Hann skipaði við ómmælingar og stigun lifandi lamba þriðja sætið með hóp af vel gerðum og jöfnum lömbum. Við slátrun var vænleiki hrútlambanna undan honum verulega umfram meðaltal í rannsókninni. Í kjötgæðaeinkunn fékk hann 113 með 8,3 fyrir gerð að jafnaði og 6,2 fyrir fitu, en lömbin sem slátrað var í lok ágúst höfðu að jafnaði 16,2 kg fallþunga.
Móðir Arfa hefur ávallt verið tvílembd, einnig sem gemlingur. Hún er með 6,6 í afurðaeinkunn fyrir 6 ár.

**Litaerfðir:** Arfblendinn hvítur og erfir bæði mórauðan lit og tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

| Mál og stigun, lamb og veturgamall | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 1999 | 52 | 86 | 20,5 | 117 | 27/5/4(S) | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 83,0 |
| Ár | Þungi | Brjm | Spjald | Fótl | Ómv/fita/lag | Haus | H+h | B+Útl | Bak | Malir | Læri | Ull | Fæt | Samr | Alls |
| 2000 | 103 | 105 | 25,5 | 124 | 33/10/4(S) | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 8,5 | 17,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 84,0 |

# Boli

## Boli 99-874 frá Heydalsá (B.G.), Kirkjubólshr., Strandasýslu.

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur. Haus þróttlegur. Vel fylltar, breiðar herðar, breið bringa og miklar útlögur. Bak sterkt, breitt og mjög vel vöðvað og malir ákflega vel holdfylltar. Feikilega þykkur lærvöðvi sem fyllir mjög vel upp í klofið. Örlítið útskeifur á framfótum. Feikilega bollangur en aðeins kviðaður.

**Ullarlýsing EE:** Gulur á haus og fótum með svartar dropur á eyrum. Strjálingur af gulum hárum á aftari hluta bolsins, en ekki áberandi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Tog í grófara lagi. Þelið allgott.

**Reynsla:** Boli var í stórri afkvæmarannsókn í Húsavík í Kirkjubólshreppi haustið 2001 en lömbum úr þeirri rannsókn var slátrað í sumarslátrun. Þar gaf hann mjög góðar niðurstöður. Við skoðun lamba og í ómsjármælingum skipaði hann annað sætið og í mati lifandi lamba sýndu dæmdust afkvæmi hans með besta gerð. Lömb undan honum reyndust mjög vel í sláturhúsi þar sem hann fékk 112 í kjötgæðaeinkunn með 7,8 að meðaltali fyrir gerð og 6,1 fyrir fitu, en þess ber að geta að undan honum var haldið eftir í ásetning nokkrum atgerfisgóðum hrútlömbum, sem vafalítið höfðu talsverð áhrif til lækkunar fyrir hann í sláturhluta rannsóknarinnar í samanburði við hina hrútana. Afkvæmarannsóknin hefur því sannreynt þær vísbendingar sem

| Boli 99-874 | | BLUP | Flokkun 2000 |
|---|---|---|---|
| KJÖTMAT | Fjöldi | 25 | |
| | Gerð | 125 | 9,8 |
| | Fita | 102 | 6,3 |
| | Heild | 114 | |
| ÚR SKÝRSLUM FJÁRRÆKTARFÉLAGANNA* | | | |
| LÖMB | Fjöldi | | 19 |
| | Einkunn | | 103 |
| DÆTUR | Afurðaár | | |
| | Frjósemi | | |
| | Einkunn | | |

* Tölur í grænum lit eru úr heimafélagi

fram komu haustið 2000 hjá sláturlömbum undan honum og birtar eru hér á öðrum stað á síðunni, að þarna færi mikill kynbótagripur með tilliti til kjötgæða.
Móðir var með lambi sem gemlingur og síðan tvílembd utan einu sinni. Hún hefur 5,5 fyrir 4 ár í afurðareinkunn.
**Litaerfðir:** Boli er arfblendinn hvítur, erfir líklega ekki mórautt en erfir hins vegar tvílit.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.




***Ætt:***

Boli 99-874
- Spaði 96-478
  - Hlífar 94-396
  - 95-236
- 96-262
  - Dropi 91-250
  - 91-092

MFF og FFFF Valur 90-934

---

# Biskup

### frá Ytra-Álandi, Þistilfirði, N-Þing. (keyptur frá Fjallalækjarseli, Þistilfirði).

**Lýsing:** Biskup er svartblesóttur, sokkóttur. Biskup er skynugur og rólegur, hefur greindarlegt yfirbragð og er líklegur til að nýtast vel við varðveislu forystufjárins.




***Ætt:***

Biskup 96-822
- Púki Syðri-Brekkum
  - Glæsir Miðfjarðarnesseli
  - Brana Syðri-Brekkum
- 002 Ytra-Álandi
  - Strengur Gunnarsstöðum
  - Bilda Ytra-Álandi


Lambamerki
Íslensk framleiðsla
Starfsþjálfun Verndud vinna
2RF
Litir á merkjum eru samkvæmt reglum um varnarsvæði búfjár.
Bæjarnúmer eru prentuð á aðra hlið merkis.
Raðnúmer eru prentuð á hina hliðina.
Hægt er að fá stök númer eftir óskum.
9S12
21E09
2H9
00215
00300
22S0
10Z6
31U8
32b10
8G9
2H5
2RF
13N7
10% afsláttur á pöntunum sem berast 1. janúar-15. febrúar.
Eyrnamerkjapöntun
Pöntun móttekin:
Nafn:
Heimilisfang:
(bær, hreppur, sýsla, póstnr.)
Kennit.:
Sími:
Bæjarnr.
Litur:
Töluröð:
Frá og með: Til og með:
Frá og með: Til og með:
Frá og með: Til og með:
Frá og með: Til og með:
Frá og með: Til og með:
Frá og með: Til og með:
Fjöldi merkja:
Undirskrift
Alprent
Hönnun og myndir: Myndrún ehf / Rúnar Þór.
Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur
Dalsbraut 1. 600 Akureyri
Sími: 461 4606 - Fax: 461 2995
Netfang: pbi@akureyri.is

Maður þarf ekki að vera stór til að vera áberandi

**Áburðarverksmiðjan hf.**

*Hreinn íslenskur áburður – Hrein íslensk náttúruafurð*

XYZETA/SIA




# Í YFIR 90 ÁR HEFUR MIKILVÆGASTI HLUTI FRAMLEIÐSLU SS FARIÐ FRAM UNDIR BERUM HIMNI

Uppistaðan í hráefninu sem SS notar við matvælaframleiðslu sína er upprunnin í hreinni náttúru Íslands. Frá stofnun fyrirtækisins 28. janúar árið 1907 hefur það verið í fararbroddi á sviði matvælaframleiðslu – og aldrei sem nú.

SS þakkar neytendum fyrir jákvæð viðbrögð við framleiðslu fyrirtækisins í tímans rás enda treysta Íslendingar SS til að framleiða aðeins gæðamatvöru.

SS fremstir fyrir bragðið